Stjórnmalamenn njóta takmarkaðra vinsælda nú um stundir – svo takmarkaðra að forsætisráðherra skipaði starfshóp um eflingu trausts á stjórnmalum og stjórnsýslu. Þótt ráðamönnum sjálfum finnst ráðgátan um eigin óvinsældir svo dularfull að það þurfi heila nefnd til að leysa hana liggur ástæðan flestum í augum uppi. Þótt heilu höfin skilji Ísland frá Afríku erum við kannski ekki jafnlangt frá henni og við höldum:

– Það var ekki fyrr en árið 2009 sem graftarkýlið, sem útblásin lífeyrisréttindi ráðherra og þingmanna voru, var sprengt.

– Á kjördag árið 2016 samþykkti kjararáð 340 þúsund króna launahækkun þingmönnum til handa. Varð þingfararkaup við hækkunina 1,1 milljón króna. Laun for-

sætisráðherra og forseta hækkuðu á sama tíma um hálf milljón á mánuði. Þrátt fyrir hávær mótmæli stendur úrskurður kjararáðs enn. – Til samanburðar má geta þess að lágmarkslaun á Íslandi eru 300.000 krónur.

– Þegar upp komst að þingmaðurinn Ásmundur Friðriksson hefði fengið 4,6 milljónir króna endurgreiddar vegna aksturskostnaðar árið 2017 misbauð mörgum. Ásmundur hafði ekið 48.000 kílómetra á einu ári; 130 kílómetra á dag að meðaltali sem kostuðu skattgreiðendur 335 þúsund krónur á mánuði. Forsætisnefnd Alþingis komst að þeirri niðurstöðu að Ásmundur hefði ekki brotið siðareglur þingmanna.

– Í síðustu viku birtist frétt í Fréttablaðinu um að laun nefndarmanna í starfskjaranefnd Orkuveitu Reykjavíkur séu 25 þúsund krónur á tímum og miðist við „útselt tímakaup eiganda lögfræðistofu“. Á fundi stjórnar OR nýverið lagði varamaður til að launin yrðu lækkuð í 10.000 krónur. Tillagan var felld þrátt fyrir að fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í stjórn OR hefðu lýst yfir þeirri skoðun að ekki væri þörf á nefndinni.

– Í vikunni bárust fréttir af launahækkunum stjórnar Íslandspóstsh. Í stjórninni sitja m.a. varaþingmaður og aðstoðarmaður ráðherra. Fyrir ári lagði stjórn Íslandspóstsh til að laun almennra stjórnarmanna hækkuðu úr 140 þúsund krónum á mánuði í 165 þúsund krónur og laun formanns stjórnar úr 280 þúsund krónum á mánuði í 330 þúsund krónur. Hálfu ári síðar fékk fyrirtækið 500 milljóna króna neyðarlán frá ríkissjóði til að forðast gjaldþrot.

Sjálfataka

Hálft ár er síðan starfshópur um eflingu trausts á stjórnmalum skilaði skýrslu með niðurstöðum sínum.

Það þarf ekki nefnd til að útskýra hvers vegna almenningur í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó er æfur út í stjórnmalastétt landsins. Það þarf heldur enga nefnd til að sjá að traust í garð íslenskra stjórnmalamanna mun aldrei aukast svo lengi sem fréttir halda áfram að berast af umbunum til ráðamanna sem líkjast óþægilega mikið sjálfstöku valdhafa í spilltustu ríkjum í heimi.

.origo.

FJÖGURRA
METRA HÁ
RISAEDLA



STÝRÐU
DRÓNA MEÐ
HUGARORKU

KÍKTU Á
VÉLMENNA-
BARINN



KAPPAKSTUR
VÉLMENNA

STÆRSTI
PAC-MAN
SKJÁR
Í HEIMI



SKORAÐU HJÁ
MARKVARÐAR-
VÉLMENNI

SPILAÐU
FORTNITE
MEÐ
ICE COLD

PRÓFAÐU
SÝNDAR-
VERULEIKA



UTmessian

Í HÖRPU 9. FEBRÚAR
2. HÆÐ FRÁ KL. 10 - 17

Nýjast

Domino's-deild karla



Valur - ÍR 82-83

Stigahæstir: Dominique Deon Rambo 17/10 stoðsendingar, Ragnar Ágúst Nat-hanaelsson 17/16 fráköst - Kevin Capers 26, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 17/11 fráköst, Matthías Orri Sigurðarson 17.

Tindastóll - Stjarnan 58-79

Stigahæstir: Pétur Rúnar Birgisson 13, Urald King 11, Danero Thomas 9, Brynjar Þór Björnsson 7 - Brandon Rozzell 13, Tómas Þórður Hilmarsson 13, Antti Kanervo 11, Hlynur Elías Bæringsson 10.

Efri	Neðri	
Njarðvík	30	Grindavík 16
Stjarnan	28	ÍR 16
Tindastóll	24	Haukar 16
Keflavík	24	Valur 10
KR	22	Skallagr. 8
Þór Þorl.	20	Breiðablik 2

Liðið tók stór skref fram á við

Guðmundur Guðmundsson, þjálfari íslenska karlalandsliðsins í handbolta, hefur fengið rúmar tvær vikur til þess að melta og greina frammi-stöðu Íslands á HM í síðasta mánuði. Hann segir margt jákvætt hafa komið fram mótinu og að framtíðin sé björt.



Guðmundur Þórður Guðmundsson, þjálfari íslenska karlalandsliðsins í handbolta, gefur lærisveinum sínum skipanir af hliðarlínunni í leik liðsins á heimsmeistaramótinu sem fram fór í janúar síðstliðnum. NORDICPHOTOS/GETTY



VATNAJÖKULSPJÓÐGARÐUR

VERÐKÖNNUN

Vatnajökulsþjóðgarður Urriðaholtsstræti 6-8 210 Garðabæ, kt. 441007-0940, óskar eftir tilboðum í leigu á aðstöðu og búnað til fyrir reksturs veitingasölu fyrir Vatnajökulsþjóðgarð í Skaftafelli.

Stofnunin vill leigja hæfum aðila aðstöðu, húsnæði, búnað o.fl. til reksturs og umsjónar á veitingasölu í Skaftafelli.

Áhugasamir aðilar hafi samband við Valbjörn Steingrímsson hjá Vatnajökulsþjóðgarði, netfang valbjorn@vpj.is til að fá verðkönnunargögn afhent. Nánari upplýsingar einnig í síma 575 8407.

Tilboðsfrestur rennur út kl 16.00 þann 22. febrúar n.k.

Innviðasjóður

Umsóknarfrestur 15. mars

Rannís auglýsir eftir umsóknum um styrki úr Innviðasjóði.

Hlutverk sjóðsins er að byggja upp rannsóknainnviði á Íslandi. Innviðasjóður veitir styrki til kaupa á tækjum, gagnagrunnum og hugbúnaði og öðrum þeim búnaði sem telst mikilvægur fyrir framfarir í rannsóknum.

Við úthlutun úr Innviðasjóði er tekið mið af úthlutunarstefnu Innviðasjóðs og eftirtalin atriði lögð til grundvallar:

- Að innviðirnir séu mikilvægir fyrir framfarir í rannsóknum á Íslandi og fyrir rannsóknir umsækjenda
- Að fjárfesting í innviðum skapi nýja möguleika til rannsókna og/eða innviðirnir tengist verkefnum sem Rannsóknasjóður styrkir
- Að innviðirnir auki möguleika á menntun og þjálfun á viðkomandi fræðasviði
- Að samstarf verði um nýtingu innviða milli stofnana eða milli stofnana og fyrirtækja með fyrisjáanlegum hætti
- Innviðir sem komið er upp með styrk frá sjóðnum skulu vera aðgengilegir öðrum rannsóknahópum eftir því sem svigrúm er til og skal sjóðnum gerð grein fyrir hvernig aðgengi verður háttáð
- Að áætlanir um kostnað og fjármögnun séu raunhæfar

Umsækjendur skulu kynna sér vel reglur sjóðsins áður en umsókn er gerð.

Nánari upplýsingar og aðgangur að rafrænu umsóknarkerfi á www.rannis.is.



HANDBOLTI „Heilt yfir er ég sáttur, bæði við frammistöðuna og árangurinn. Það voru sjö leikmenn í leikmannahópnum sem voru að leika á sínu fyrsta stórmóti og þeir komust vel frá verkefninu. Það þarf hins vegar fleiri leiki undir beltið til þess að geta gert sig gildandi á alþjóðlegum vettvangi. Það má segja að liðið okkar sé fimm til sex árum á eftir Noregi sem vann silfurverðlaun á mótinu í Þróunarferli sínu og átta til tíu á eftir Danmörku sem vann mótið,“ segir Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari um upplifun sína af HM.

„Ég er mjög ánægður með hvernig við spilum fyrstu sex leikina. Það vantaði ekki mikið upp á að okkur tækist að vinna Króata. Þar vorum við 14-11 yfir undir lok fyrri hálfleiks og leiddum þegar um það bil tíu mínútur voru eftir af leiknum. Þar kom hins vegar berlega í ljós reynsluleysið í liðinu á lokakafli leiksins eins og eðlilegt er miðað við efni og aðstæður,“ segir þessi farsæli þjálfari um spilamennsku íslenska liðsins.

Sýndu mikinn þroska

„Leikurinn gegn Spánverjum var svo bara finnr, en það var vitad fyrir fram að það yrði við ramman reip að draga í þeim leik. Mér fannst við svo klára leikina gegn Barein og Japan fagmannlega og náðum að setja upp úrslitaleik við Makedóníu um sæti í milliriðlum eins og stefnt var að. Leikurinn við Makedóníu var svo afbragðs góður af okkar hálfu. Við sýndum þar mikinn þroska, einkum og sér í lagi sé litid til aldurs og reynslu þeirra leikmanna sem voru í burðarhlutverkum í þeim leik,“ segir hann enn fremur um frammistöðu liðsins.

„Þar lékum við varnarleikinn fanta vel gegn því liði sem hefur útfært sóknarleikinn 7 á 6 hvað best af liðum heims. Við stóðumst svo prófið þegar mest á reyndi sem sýndi hversu langt ungir og efnilegir leikmenn í okkar liði eru komnir sem er ánægjulegt. Það skipti sköpum að þetta lið fengi að reyna sig við bestu lið heims í milliriðlinum

Þegar þú spilar gegn jafn sterkum þjóðum og við vorum að etja kappi við er þér refsað fyrir öll mistök.

Guðmundur Guðmundsson

og það var góð reynsla að komast þangað í fyrsta skipti á stórmóti í fimm ár,“ segir þjálfarinn.

Fækka brottvisunum

„Varnarleikurinn á mótinu var á löngum köflum mjög góður og við höldum mörgum sterkum liðum í kringum 25 mörk sem er bara mjög vel af sér vikið. Þjóðverjar skorudu til að mynda einungis 24 mörk á móti okkur í milliriðlinum sem var mjög jákvætt. Það sem við þurfum aðallega að bæta er að fækka óþarfa brottvisunum sem við vorum allt of gjarnir að fá dæmdar á okkur í þessu móti. Til að mynda að sleppa þegar við erum búnir að missa leikmenn frá okkur og vera agaðri í okkar varnarágerðum. Það reyndist okkur afar dýrkeypt að leika á of löngum köflum einum leikmanni færri gegn sterkum liðum sem eru góð að nýta sér yfirtölu,“ sagði Guðmundur um varnarleik liðsins.

Leystu 5-1 varnir vel

„Hvað uppstillta sóknarleikinn varðar verður að lita til þess að það voru nokkrir leikmenn að stiga sín fyrstu skref á stærsta sviðinu. Af þeim sökum gerðum við okkur ansi oft seka um að velja vitlaus skot, tróða boltanum á erfiðan hátt inn á línu þegar færi til þess var ekki nógu gott. Þegar þú spilar gegn jafn sterkum þjóðum og við vorum að etja kappi við er þér refsað fyrir öll mistök. Við verðum að læra af því. Ég var hins vegar ánægður með hvernig við leystum 5-1 vörnina sem mörg lið beittu gegn okkur. Við vorum með kerfi með innleys-

ingum sem gengu afskaplega vel upp,“ segir Guðmundur.

„Þeir ungu leikmenn sem fengu mikla ábyrgð á sínar herðar á þessu móti stóðu sig vel og tóku stórt skref í þroskaferli sínu sem handboltamenn í hæsta gæðaflokki. Elvar Örn [Jónsson] spilaði einkar vel á báðum endum vallarins og sýndi mikinn þroska í sínum leik. Hann var áráðinn í aðgerðum sínum í sóknarleiknum og spilaði hörkuvörn. Arnar Freyr [Arnarsson] fékk stórt hlutverk bæði í vörn og sókn og sinnti því vel. Hann hefur bætt sig bæði í varnar- og sóknarleiknum en á ýmislegt eftir ólært þar. Sama á við um Ými Örn Gíslason sem fékk sínar fyrstu mínútur á stórmóti,“ segir hann.

„Það var gulls ígildi að geta gefið Hauki [Þrastarsyni] mínútur gegn jafn sterkum liði og Frakklandi og þar fékk hann ómetanlega reynslu. Að mínu viti ætti hann að halda kyrru fyrir á Selfossi á næsta keppnistímabili og halda áfram að þróa sinn leik þar. Hann er í aðalhlutverki í góðu umhverfi og fær leiki þar sem mikið er undir hér heima og í Evrópukeppni. Gísli Þorgeir [Kristjánsson] sýndi svo á þessu móti að hann býr yfir eiginleikum sem munu reynast liðinu afar vel í framtíðinni. Hann er óhræddur, mjög góður í stöðunni maður á móti manni og stýrir leiknum afbragðs vel,“ segir Guðmundur um hina afar spennandi leikstjórnendur íslenska liðsins.

Vilja vinna riðilinn

„Fram undan eru mjög mikilvægir leikir gegn Makedóníu í undankeppni EM 2020. Hagstæð úrslit í þeim leikjum koma okkur í afar góða stöðu hvað það varðar að enda í efsta sæti riðilsins sem er klárlega markmiðið. Við förum fullir bjartsýnir í þá leiki og tökum með okkur jákvæða frammistöðu á HM. Þar tók þetta unga og efnilega lið sem ætti að vera komið nálægt átta bestu liðum heims eftir tvö ár nokkuð stórt stökk fram á við og sýndi hvers það er megnugt,“ segir Guðmundur um framhaldið.

hjorvaro@frettabladid.is

NISSAN INTELLIGENT MOBILITY



Innovation
that excites

NÝR NISSAN QASHQAI

EINN VINSÆLASTI SPORTJEPPI LANDSINS



ENNEEM / SIA / NM92B9

NISSAN QASHQAI

Verð frá: **3.950.000 kr.**



SJÁLFVIRK NEYÐARHEMLUN
STAÐALBÚNAÐUR Í TEKNA



SJÁLFVIRKUR AKREINAVARI
STAÐALBÚNAÐUR Í TEKNA



LEGGJA Í STÆÐI HJÁLP
VALBÚNAÐUR

Staðalbúnaður í Qashqai m.a.:

- Leiðsögukerfi með Íslandskorti
- Nissan Connect 7" snertiskjár
- LED dagljósabúnaður
- Tveggja svæða miðstöð með loftkælingu
- Þokuljós að framan
- Bakkmyndavél
- D-laga leðurstýri með aðgerðahnöppum

- Skyggðar rúður að aftan
- Stopp/start búnaður
- 17" álfelgur
- Hraðastillir
- Regnskynjari á framrúðu
- Hiti í framrúðu

Nánari upplýsingar á nissan.is

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Dórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is
Kristjana Björg
Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Nancy Pelosi, forseti fulltrúadeildar Bandaríkjanna, er 78 ára gömul og hefur reynt Donald Trump forseta erfiður andstæðingur. Margir telja hana reyndar höfuðandstæðing hans. Ljósmynd af henni að klappa fyrir Trump með háðsku látbragði þegar því var fagnað að aldrei hefðu jafn margar konur setið á Bandaríkjaþingi þykir táknræn fyrir samskipti þeirra.

„Mér hefur alltaf samið vel við hana, ég held það eigi ekki við lengur,“ sagði Trump eftir að Pelosi tilkynnti að ekki væri gert ráð fyrir fjármagni til múrsins sem hann lofði að byggja á milli Bandaríkjanna og Mexíkó.

Pelosi tók hvern slaginn á eftir öðrum á meðan stór hluti alríkisstofnana vestanhafs var lokaður vikum saman vegna ágreiningsins.

Hún mætti í byrjun vikunnar í þinghúsið ásamt hópi þingkvenna Demókrataflokkansins. Þær voru allar hvítklæddar og hlýddu á stefnuræðu forseta. Konurnar vildu með klæðnaði sínum minna á baráttu fyrir réttindum kvenna í heila öld.

Látbragð þeirra vakti mikla athygli en þær sátu sem steinrunnar í gegnum stefnuræðuna þar til Trump greindi frá því að aldrei áður hefðu jafnmargar konur setið á þingi og nú. Þá fögnuðu þær svo þakið ætlaði af.

Í gegnum „marmarapakíð“

Nancy gegnir nú þriðja valdamesta embætti í Bandaríkjunum sem forseti fulltrúadeildar bandaríska þingsins. Hún gegnir reyndar embættinu í annað sinn en er hins vegar eina konan sem hefur gegnt því frá upphafi. Þegar hún tók við embættinu árið 2006 sagði hún: „Fyrir dætur okkar og barnabörn, í dag brutum við marmarapakíð [...] Nú er þeim allt mögulegt.“

Nancy er af ítölskum ættum. Hún eignaðist fimm börn og á níu barnabörn. Hún þykir afar frjálslýnd, setti sig upp á móti Íraksstríðinu og er fylgjandi lögleiðingu kannabisefna. Andstæðingar hennar eru líklega hættir að vanmeta hana eftir að Trump laut í lægra haldi fyrir henni í janúarmánuði.

Óttalaus og beinskeytt

Starfssystur Nancy í Hvíta húsinu eru margar öflugar og nokkrar hafa náð háum aldri.

Maxine Waters er áttæð og fyrsta konan til að fara fyrir bankaráði Hvíta hússins. Maxine er þingmaður demókrata fyrir Kaliforníu og einnig harður gagnrýnandi Trumps. Hún hefur kallað hann „eineltisseggi, sjálfhverfan brjálæðing og lygara“ og sagt hann eiga „enga innistæðu fyrir því að gegna embætti forseta Bandaríkjanna“.

Maxine er fædd 1938 í Missouri-fylki. Hún átti tólf systkini og var alin upp af einstæðri móður. Hún vann frá þrettán ára aldri, fyrst í fataverksmiðju, svo á símsstöð og sem aðstoðarkennari áður en hún aflaði sér háskólagráðu í félagsfræði um þritugsaldurinn.

Stjórnálaferill hennar spannar áratugi og hún þykir óttalaus og beinskeytt. Á síðasta ári fékk Maxine líflátshótanir í kjölfar ummæla hennar um að almenningur skyldi gera stjórnarmönnum Trumps ljóst að þeir væru „ekki velkomnir neins staðar“.

Maxine svaraði líflátshótunum með sínum hætti. „Ég veit að það er fólk sem vill ritskoda mig, vill henda



Nancy Pelosi klappar eftirminnilega fyrir Donald Trump Bandaríkjaforseta. NORDICPHOTOS/GETTY

Valdamiklar á efri árum

Nancy Pelosi, Maxine Waters, Donna Shalala og Ruth Bader Ginsburg eru með valdamestu konum í Bandaríkjunum og eru allar á áttæðis- og níuæðisaldri.



Donna Shalala þung á brún fyrir miðju hlýðir á Nancy Pelosi.



Þrátt fyrir beinbrot og krabbamein virðist Ginsburg ekki við það að hætta.



EF ÞIÐ SKJÓTIÐ MIG,

ER EINS GOTT AÐ ÞIÐ

HITTIÐ.

Maxine Waters

mér út af þingi, talar um að skjóta mig, talar um að hengja mig. Það eina sem ég hef að segja er þetta: Ef þið skjótið mig, er eins gott að þið hittið.“

Heiðursdoktor við HÍ

Donna Shalala verður 78 ára gömul þann 14. febrúar næstkomandi. Hún var ráðherra heilbrigðismála í Bandaríkjunum í valdatíð Bills Clinton og þykir harðsnúin. Hún er dóttir líbanskra innflytjenda og er heiðursdoktor við Háskóla Íslands. Donna kom til Íslands árið 2008 og tók við nafnbótinni frá Kristínu Ingólfssdóttur þáverandi rektor.

Notorious R.B.G.

Hæstaréttardómari Ruth Bader Ginsburg fagnar 86 ára afmæli sínu í mars. Bill Clinton skipaði hana í hæstarétt árið 1993 og varð hún því önnur konan til að setjast á þann fræga bekk.

Á meðan hún gegndi starfi lögmanns á yngri árum barðist hún fyrir jafnrétti kynjanna og réttindum kvenna. Á þeim tíma náði hún að knýja fram allnokkra sigra fyrir hæstarétti. Segja má að hún hafi haldið í þessi gildi eftir að hún tók við sem dómari.

Eftir að Trump tók við forsetaembættinu hafa vinsældir Ginsburg aukist töluvert á meðal frjálslýndra og vinstrisinnaðra Bandaríkjamanna. Nú þegar íhaldssamir dómara eru í meirihluta við dómstólinn er Ginsburg helsta von þeirra frjálslýndu og vinstrisinnaðu til að standa vörð um sín gildi.

Þar sem skipað er í hæstarétt ævilangt er ljóst að hver einasta skipun hefur töluvert áhrif á bandarískt samfélag. Andstæðingar Trumps vilja því alls ekki að hann fái að skipa sinn þriðja dómara. Vilja sem sagt ekki að Ginsburg, sem hefur verið kölluð „Notorious R.B.G.“ með vísan til rapparans Notorious B.I.G., láti af störfum. Þrátt fyrir beinbrot og krabbamein virðist Ginsburg þó ekki við það að hætta.

Njóta lífsins og möguleika sinna

Og af öðrum vettvangi en stjórnmalum. Konur á efri árum láta að sér kveða í Hollywood. Glenn Close vann nýverið Golden Globe-verðlaun sem besta leikkonan í byrjun janúar. Hún er 71 árs.

Konur eru einnig sífellt meira áberandi í æstu stöðum á fjölmiðlum. Sama dag og Glenn Close tók við verðlaunum sínum tilkynnti CBS-fréttastofan um að reynsluboltinn Susan Zirinsky tæki við stjórnartaumunum.

Fjallað hefur verið um velgengi bandarískra kvenna á efri árum í fjölmiðlum. Í janúar birtist greinin I Am (an Older) Woman, Hear Me Roar, í The Times. Hún er ein sú vinsælasta sem fjölmiðillinn hefur gefið út.

Sálfræðingurinn Mary Pipher haf nokkrum dögum síðar út ritgerð sína, The Joy of Being a Woman in her 70's. Í ritgerðinni er fjallað um það hversu mikið samfélagið hefur vanmetið eldri konur. Þær hafi verið alitnar vanmáttugar og valdalausar. Raunveruleikinn sé hins vegar sá að þær séu hamingjusamastar allra þjóðfélagsþópa í Bandaríkjunum. Konur á aldrinum 65-79 ára njóta lífsins og nýti möguleika sína.

POTTURINN STEFNIR Í

445

MILLJÓÑIR



LEIKURINN OKKAR



„Þjóðsögur samtímans hafa öðlast nýtt líf á internetinu. Á sama tíma er þetta stórkostleg þróun því hver sem er hefur tækifæri til að tjá sig,“ segir Katrín. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Kristjana Björg
Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Sögð vera strengjabrúða

„Ég er sögð strengjabrúða karla, sem taki ekki sjálfstæðar ákvarðanir,“ segir **Katrín Jakobsdóttir** forsætisráðherra um þá kvenfyrirlitningu sem hún hefur orðið fyrir á ferlinum. „Það er alltaf einhver karl sem stjórnar mér.“ Jafnréttismál heyra nú í fyrsta sinn undir forsætisráðuneytið og Katrín er einbeitt í að koma á breytingum.

frammi fyrir tæknibreytingum sem munu gerbreyta vinnumarkaði og samfélagi? Þetta eru stórar áskoranir þar sem er mikilvægt að vinstri-menn beiti sér til að ná árangri þannig að við tryggjum velferð og hagsæld fyrir allan almenning og tryggjum um leið blómlegt efnahagslíf sem gengur ekki á umhverfi og náttúru. Þannig að verkefnið er stór og skipta allan almenning máli, því þau snúast um að tryggja gott samfélag fyrir okkur öll. En þó að áskoranirnar séu stórar má alltaf finna tækifæri til að gleðjast.“

Beðin um að vera inni í kúlu

Katrín gekk til liðs við VG þremur árum eftir að flokkurinn var stofnaður, árið 2002. Hún segir samfélagið hafa tekið stórfelldum breytingum síðan þá. „Þegar ég skoða ljósmyndir sem eru teknar frá stofnun flokksins líður manni nánast eins og þær ættu heima á Árbæjarsafni. Og þær eru auðvitað teknar á annarri öld.“

Ég var formaður ungliðahreyfing-

arinnar og tók 18. sæti Reykjavíkurlistans í borgarstjórnarkosningum 2002. Mér fannst það algjörlega frábært. Svo var ég kosningastjóri flokksins í kosningunum árið 2003. Á þessum tíma var andinn í samfélaginu allt annar en nú. Stjórn-málamenn voru meira svona að grína og glensa. Í viðtölum voru stjórn-málamenn látnir gera kúnstir. Einhvern tímann var ég beðin um að vera inni í stórri kúlu og rúlla í henni á meðan ég átti að vera í viðtali. Ég sagði reyndar nei,“ segir Katrín og hlær og hafnar um leið boði blaðamanns í gamni um að redda svona kúlu í viðtalið.

„Við stjórn-málamenn vorum mikið í heita pottinum að ræða málin og svona, svo breyttist þetta gríðarlega við hrúnið. Það varð 180 gráðu snúningur. Það hljóp mikil harka í umræðuna. Kannski erum við að ná jafnvægi núna, erum gagnrýnin en þó ekki farin aftur í kúluna, heita pottinn, grínið og glensið.“



UMMÆLIN SEM FÉLLU

ERU ÓFYRIRGEFANLEG

OG LÝSTU KVENFYRIR

LITNINGU OG FORDÓMUM

Í GARD SAMKYNHNEIGÐRA

OG FATLAÐS FÓLKS. EN

ÞETTA ER ALÞINGI, EKKI

VENJULEGUR EÐA HEFD

BUNDINN VINNUSTAÐUR.

OKKUR BER SKYLDA TIL AÐ

HALDA ÁFRAM VINNU.

Fúl á móti

Katrín var varaborgarfulltrúi í Reykjavík fyrir R-listann og sat á Alþingi frá vorinu 2007. Hún var mennta- og menningarmálaráðherra á árunum 2009 til 2103, varaformaður VG í tíu ár og formaður flokksins frá 2013.

„Við í VG fórum í gegnum skeið þar sem við vorum stimpluð sem fúl-á-móti-flokkurinn. Aðalverkefni okkar var að segja heiminum hvað við værum í raun hress inn við beinið. Þetta breyttist þegar umræðan varð gagnrýnin eftir hrun og við fengum okkar bestu kosningu frá upphafi. Stjórn-málaumhverfið breyttist mikið á þessum tíma, fór úr hinu sögulega hefðbundna flokkakerfi í margra flokka kerfi. Mín skoðun er sú að það sé ekki tímabundið ástand.“

Samfélagsmiðlar hafa einnig breytt miklu. Áður fór pólitíska umræðan í gegnum gömlu flokks-blöðin og svo í kvöldfréttir í sjónvarpinu. Þegar ég fór fyrst á þing þótti það afrek ef maður náði í kvöldfréttirnar. Nú er það sem gerist fyrir hádegi á þingi ekki fréttæmt um kvöldið,“ segir Katrín og segir umræðuna þá hafa þroskast á samfélags- og netmiðlum yfir daginn. „Fleiri hafa öðlast rödd og það er gott. Þetta nýja umhverfi sem við búum við, því fylgja tækifæri og áskoranir, það er stórkostlegt og ógnvekjandi í senn. Gagnrýnin hugsun samtímans krefst þess að við rýnum allar heimildir, rýnum internetið,“ segir hún og visar í þá ógn sem stafar af dreifingu falskra fréttar. „Þetta er mikið rætt á norrænum vettvangi, þar sem við sjáum til dæmis fréttir af innflytjendum sem byggja ekki á staðreyndum. Þjóðsögur samtímans hafa öðlast nýtt líf á internetinu. Á sama tíma er þetta stórkostleg þróun því hver sem er hefur tækifæri til að tjá sig,“ segir Katrín.

Það er asi í Stjórnarráðinu snemma á mánudegi. Jafnréttismál heyra í fyrsta sinn undir forsætisráðuneytið undir stjórn Katrínar Jakobsdóttur. Fimm starfsmenn velferðarráðuneytisins í jafnréttismálum fluttust á nýja skrifstofu jafnréttismála í forsætisráðuneytinu í byrjun árs.

Undirbúningsvinna hefur verið mikil síðustu misseri, unnið er að úrbótum í kerfinu varðandi kynferðislegt ofbeldi og almenna stefnumótun í flokki jafnréttismála.

Katrín sest í setustofuna í Stjórnarráðinu, það er létt yfir henni. Hún lítur á klukkuna á símanum og af augnaráðinu má lesa að hún sé að reikna mínútur til reiðu. Það er annasamur dagur í þinginu fram undan og vikan hláðin verkefnum. Tuttugu ár eru síðan Vinstrihreyfingin – grænt framboð var stofnuð. Af því tilefni er haldin afmælishátíð flokksins í dag á Grand hóteli.

Þar situr Katrín málþing um stöðu vinstriisins þar sem ræddar verða ýmsar áskoranir, til dæmis er varða loftslagsbreytingar og félagslegan ójöfnuð.

Þá ræðir fyrrverandi leiðtogi breska Verkamannaflokksins, Ed Miliband, í dag um það hvort það sé ástæða til glöðværðar á vinstri-vængnum.

Áskoranir á vinnumarkaði

Katrín, er ástæða til glöðværðar á vinstri-vængnum?

„Já og nei. Vinstrið stendur frammi fyrir stórum áskorunum. Hvernig ætlum við að bregðast við vaxandi ójöfnuði í heiminum á sama tíma og við berjumst gegn loftslagsbreytingum og stöndum

LAND ROVER

KOMDU OG REYNSLU- AKTU NÝJUM LAND ROVER Í DAG

landrover.is



ABOVE & BEYOND



DISCOVERY S

Nýr Discovery er hæfari og öflugri en nokkru sinni fyrr. Yfirbygging úr áli gerir hann allt að 490 kg léttari. Endurbætt Terrain Response® drifkerfi og loftþúðafjöðrun sem gerir ökumanni kleift að hækka bílinn upp og ná allt að 28,3 cm veghæð og 90 cm vaðhæð er alger sérstaða í þessum flokki bíla.

DISCOVERY S 240, DÍSIL, SJÁLFSKIPTUR. VERÐ FRÁ: 10.990.000 kr.

DISCOVERY SPORT SE

Nýr Discovery Sport er rúmgóður jeppi sem fæst í 5 eða 7 manna útfærslu. Discovery Sport er með nýrri sparneytinni dísilvél, upphitaðri framrúðu, nýrri 9 þrepa sjálfskiptingu og hinu annálaða tölvustýrða Land Rover Terrain Response® drifkerfi.

DISCOVERY SPORT SE, DÍSIL, SJÁLFSKIPTUR. VERÐ FRÁ: 7.790.000 kr.

LAND ROVER

HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 525 6500

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16
VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

Dapurlegt eftir Metoo

Andinn á þingi vegna Klausturmálsins? Hvernig er hann? Hvernig tekst fólki að halda áfram vinnu?

„Ummælin sem féllu eru ófyrirgefanleg og lýstu kvenfyrirlitningu og fordómum í garð samkynhneigðra og fatlaðs fólks. En þetta er Alþingi, ekki venjulegur eða hefðbundinn vinnustaður. Okkur ber skylda til að halda áfram vinnu og höfum ferla sem málið fylgir. Og auðvitað eru fleiri mál til umfjöllunar,“ segir Katrín og vísar í mál Ágúst Ólafs Ágústssonar sem einnig hefur verið óskað eftir að forsætisnefnd vísi til síðanefndar.

Stundum virðist manni fleira líðast hér í þessum efnum en í nágrannalöndum?

„Stjórnmálamenningin hér er að mörgu leyti ólík þeirri í nágrannalöndunum. Mér finnst við vera í mikilli deiglu á þessu sviði. Það er ár líðið frá því að við höldum Metoo-ráðstefnu sem við öll tókum þátt í. Þá stigu mjög margar stjórnmálakonur fram og við vildum taka þessi mál á dagskrá. Ég vildi að við værum komin lengra og það er mjög dapurlegt að þessi mál komi upp í kjölfarið,“ segir Katrín og segist hafa talað skýrt í þessum efnum, ekki síst eftir að hún tók við embætti forsætisráðherra.

Hefur þú rætt við þingmennina um þessi mál?

„Nei, ég hef ekki gert það. Málið fór í ákveðið ferli. Ég vildi leyfa því ferli að ganga fram. Það ferli hefur verið ákveðnum vandkvæðum háð en ég hef ekki rætt við þá,“ segir hún.

Verður fyrir kvenfyrirlitningu

Kvenfyrirlitningin sem kemur upp á yfirborðið. Þá og nú. Hefur þú fundið fyrir kvenfyrirlitningu í þinn garð?

„Ég er sögð strengjabrúða karla, sem taki ekki sjálfstæðar ákvarðanir. Það er alltaf einhver karl sem stjórnar mér, þetta hefur verið sagt frá því ég byrjaði í stjórnmálum. Steingrímur, Bjarni, eða einhver annar, þetta hættir aldrei,“ segir Katrín sem dæmi um kvenfyrirlitningu sem hún finnur fyrir.

„Ísland mælist í efsta sæti Alþjóðaefnahagsráðsins, WEF, þegar kemur að jafnrétti. Ég fæ mikið til mín af erlendum blaðamönnum sem vilja spyrja mig út í það. Þeim kemur alltaf jafn mikið á óvart þegar ég svara því til að þó að við stöndum vel sé enn margt óunnið í jafnréttismálum á Íslandi,“ segir Katrín.

„Ég man eftir því hvernig var talað af óvirðingu um konurnar í Kvinnalistanum og Kvinnaframboðinu. Það er ekkert langt síðan við upplifðum leikskólabyltingu sem gerði okkur kleift að þurfa ekki að velja á milli þess að eiga börn og sinna starfi sínu og frama. Ég væri ekki hér á þessum stað ef ekki væri fyrir þessar konur sem ruddu brautina þegar ég var lítil stelpa,“ segir Katrín. „Stundum finnst mér árangur í jafnréttismálum of einstaklingsgerður. Mér er hrósað fyrir að hafa náð árangri en ég er hér af því að við breyttum kerfum,“ leggur hún áherslu á og beinir talinu að þeirri pólitísku áherslu sem er nú á jafnréttismál. Vægi þeirra sé mikið í stjórnsamstarfinu.

Hefur sett margt til hliðar

„Eitt af því sem er ekki mælt á lista WEF um kynjajafnrétti þar sem Ísland mælist hæst er kynferðisofbeldi. Við ákváðum í stjórnarsáttmála að setja af stað aðgerðaáætlun gegn kynferðisofbeldi. Kynferðisofbeldi er ekki einkamál réttarkerfisins heldur þarf að nálgast það með heildstæðum hætti. Ég trúi því að við munum sjá árangur hvað þessi mál varðar á næstu árum,“ segir Katrín.

Hvernig tæklar þú þetta sjálf?

„Ég hef ekki talað mikið um það sem ég hef mætt,“ segir Katrín. „Ég ætla að geyma það hjá mér. Ég er upptekin af verkefnum mínum og það eru margir hlutir sem maður þarf að setja til hliðar. Til að taka á seinna,“ segir hún. „Ég lít til þeirra



Kynferðisofbeldi er ekki einkamál réttarkerfisins,“ segir Katrín. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

kvemma sem ruddu brautina og hvernig þær tókust á við hlutina. Þær héldu áfram að gera kerfisbreytingar og byltingar, héldu sínu striki. Ég vil ná árangri fyrir komandi kynslóðir,“ segir hún.

„Jafnrétti komst loks í aðalnámsskrá árið 2011. Jafnrétti hefur verið hluti af lögum um nám síðan árið 1976, árið sem ég er fædd. En komst ekki í námskrá fyrr en 36 árum seinna. Ég vona að það verði líka kerfisbreyting vegna þessa,“ segir Katrín um eitt verka sinna frá því hún var menntamálaráðherra.

Vill vernd uppljóstrara

„Kynjajafnrétti er eitt af forgangsmálum ráðuneytisins. En þau eru fleiri,“ segir Katrín og nefnir til að mynda frumvörp hennar um breytingu á stjórnsýslulögum um tjáningarfrelsi opinberra starfsmanna, endurskoðun upplýsingalaga og vernd uppljóstrara. „Ég legg mikla áherslu á þau mál. En svo eru önnur mjög brýn málefni, loftslagsmál til að mynda. Unnur Brá Konráðsdóttir er verkefnisstjóri forsætisráðuneytis í loftslagsmálum og hefur góða yfirsýn yfir verkefnið. Og fleiri mál sem kalla á samvinnu ráðuneyta, vinnumarkaðsmál, hús-næðismál og skattamál.“

Hvað finnst henni hafa verið mest krefjandi á sínum ferli?

„Ef ég horfi á þetta núna í miðju kafi þá segi ég að það hafi verið tíminn eftir hrun. Þetta var ekki bara efnahagshrun heldur samfélagslegt áfall. Væntingarnar voru miklar og

verkefnin stór. En svo veit maður aldrei hvað er fram undan,“ segir Katrín.

Á hliðarlínunni í húsfélaginu

Hvers vegna ákvaðst þú að verða stjórnmálamaður?

„Mín eigin saga er að ég hefi rekið út í þetta. Þeir sem þekkja mig segja hins vegar að ég sé maniskur ástríðupólitikus.“

Ástríðan virðist ná yfir alls kyns önnur félagsstórf. Katrín er sögð afar virk í húsfélaginu í blokkinni sem hún býr í í Vesturbænum. „Ég var einmitt að ræða húsfélagsmál í stigaganginum fyrir skömmu. Ég var skoðunarmaður reikninga í húsfélaginu þar til ég varð forsætisráðherra. Nú er ég óbreyttur meðlimur en svona hvetjandi á hliðarlínunni. Ég held reyndar að ég sé óþolandi. Og erfitt að búa með mér að öllu leyti,“ segir Katrín glettin.

Breyta stjórnmálin fólki?

„Já, bæði til góðs og ills. Stjórnmálin geta gert mann víðsýnni og aukid umburðarlyndi manns. En geta líka skapað manni beiskju og biturð. Í starfinu upplifir maður oft samskipti sem eru gríðarlega hörð og að einhverju leyti verður maður að brynja sig,“ segir Katrín og segir gott í átökum að eiga góða að í kringum sig. „Ég hef verið í heppin í lífinu með fjölskyldu, vini og samstarfsfólk, það verður ekki vanmetið í svona starfi.“

Sonurinn vill verða borgarstjóri

Katrín er gift Gunnari Sigvaldasyni



MÉR FINNST MIKILVÆGT

AÐ FÓLK VELTI ÞVÍ FYRIR

SÉR AÐ ÞAÐ ÞARF AÐ GEFA

FÓLKI RÝMI. VIÐ ERUM

MEÐ ALLA ÞESSA HAG-

SÆLDARVÍSA SEM VÍSA

Í RÉTTA ÁTT EN Á SAMA

TÍMA ER FÓLK AÐ BUGAST

UNDAN ÁLAGI.

og á með honum þrjá syni. „Þeir eru stoltir af mér en hafa mismikinn áhuga á því sem ég er að gera. Einn af mínum þremur ætlar sér að verða stjórnmálamaður. Hann ætlar fyrst að verða borgarstjóri og fara svo í landsmálin. Hann er sko með þetta á hreinu. Þeir fá auðvitað allt aðra sýn, eru í hringiðunni og þekkja marga stjórnmálamenn.“

Það hafa verið hörð átök í VG. Um stefnu flokksins og ríkisstjórnar-samstarfið. Hávaðarifrildi!

„Það góða við VG er að átökin eru ekki undir yfirborðinu. Þau eru fyrir opnum tjöldum. Innanhúss-átökin innan VG eru á meðal þess sem hefur verið hvað erfiðast að takast á við,“ segir Katrín og segir að fréttamenn nefni þetta oft við hana. „Þeim finnst átökin bara vera í beinni útsendingu.“

Hún á marga góða vini á Alþingi. Þvert á flokka og í mörgum ráðuneytum. Og segist ekki telja sig eiga marga óvini. „Mamma var sálfræðingur og ég var alin upp við það að flestir eigi eitthvað mjög gott í sér. Ég hef trú á fólki, þótt auðvitað geti maður í hita leiksins orðið grautfúll út í fólk. Það er erfiðara þegar slíkt gerist innan flokks en utan. Manni þykir vænt um fólk þó að maður sé því ósammála.“

Verður hún aldrei þreytt á stjórnmálum?

„Ég er alltaf mjög spennt fyrir verkefnum en auðvitað koma skeið þar sem mér leiðist – eins og í öllum öðrum störfum.“

Stjórnmál geta tekið á en maður á líka fjölskyldu og vini og maður má ekki gleyma því. Ég lifi og hrærist í þessum heimi og hugsá stundum hvað ég myndi gera ef stjórnmálaferillinn tæki enda. Það er líf eftir pólitík,“ segir Katrín.

Ekki með tölvupóst í símanum

Umræða um streitu og kulnun hefur komist í háamli upp á síðkastidi. „Ég fann þegar ég var menntamálaráðherra að ég hefði getað verið í vinnunni 24 tíma á dag. Það var endalaust erindi. Svo fór ég í fæðingarorlof. Það var ekki á planinu en var dásamlegt. Þegar ég kom til baka ákváð ég að eiga líf. Mér fannst ég aldrei hafa verið heima, ég var bara í vinnunni. Verkefnin voru aldrei búin.“

Íslendingar vinna langan vinnudag, margir eru í tveimur vinnudögum og þurfa að vinna mikið til að ná endum saman. Svo eru aðrir lengur í vinnu vegna þess að verkefnin tæmast ekki. Það er mikilvægt að atvinnurekendur og launafólk sammælist um það að það séu mörk. Stundum er maður í þeirri stöðu að þurfa að draga þau sjálfur, en þetta þarf líka að ræða í samskiptum launafólks og atvinnurekenda. Ég er ekki með tölvupóst í símanum. Ég svara honum þegar ég sest niður við tölvu. Það gerist yfirleitt ekkert þó ég svari honum ekki strax, ef erindið er brýnt, þá hringir fólk í mig. Ég ætlast heldur ekki til þess að fólk svari mér strax.

Mér finnst mikilvægt að fólk velti því fyrir sér að það þarf að gefa fólki rými. Við erum með alla þessa hagsældarvísa sem vísa í rétta átt en á sama tíma er fólk að bugast undan álagi. Stjórnmálaflokkar víða um heim eru að móta sér stefnu utan um þetta. Við þurfum líka að gera það hér,“ segir Katrín.

„Það eru ekki bara verkefnin á vinnustaðnum,“ segir hún. „Þetta er líka tengt frammistöðukvíða og samfélagsmiðlum. Ég nota það orð í þessu samhengi. Fólk er upptekið af því að standa sig og það er streituvaldur.“

Ekki allt frábært og fullkomið

„Ég fór í Melabúðina um síðustu helgi, með slæmt kvef og leit út eins og haugur. Ég hugsaði með mér: Æi, nú hugsá allir, voðalega er þessi forsætisráðherra okkar ómurlegur. Eins og hann hafi skrðið úr moldarhaug. En stundum er ég bara ekki í góðu formi. Við þurfum að vera meðvitund um það að það er hluti af lífinu að það er ekki alltaf gaman og allt frábært og fullkomið. Það þarf ekki alltaf að vera brjáláð að gera.“

Ert þú góð í að slaka á þegar það er fri? Góð í að gera ekkert?

„Já, ég held það, en vafalaust er fjölskyldan algjörlega ósammála. Okkar helgarfrí snúast um að taka til og horfa á ríkissjónvarpið. Ég held það sé mikilvægt að það sé ekki alltaf einhver dagskrá. Það er bara fint að sinna lífinu. Ég held það sé gott að gera hversdagslega hluti með fjölskyldunni. Ég hef trú á því, að vera ekki aftengd hversdægnum.“



MAZDA CX-5 AWD

ER BÚINN ÞVÍ ALLRA BESTA FRÁ MAZDA

Hönnuðir Mazda leggja hjarta sitt og sál í að hanna bíla sem uppfylla ströngustu kröfur þínar um þægindi, akstursupplifun, gæði og öryggi. Nýr Mazda CX-5 hefur verið endurhannaður að utan sem innan. Hann er þægilegur jafnt fyrir ökumann sem og farþega. Mazda CX-5 ber af í sínum flokki og búinn öllu því besta frá Mazda.

**KOMDU, REYNSLUAKTU & UPPLIFÐU
MAZDA CX-5 AWD**

ELSKAÐU AÐ KEYRA MAZDA

VERÐ FRÁ 5.790.000 KR.



Bíldshöfða 8 S. 515 7040
110 Reykjavík

Tryggvabraut 5 S. 515 7050
600 Akureyri

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17
og laugardag kl. 12-16

mazda.is

Hjörvar Ólafsson
hjordvaro@frettabladid.is

Hver eru helstu verkefni íslenskrar knattspyrnu næstu tvö árin?

Geir: Stofna deildasamtök og setja íslensk knattspyrnufélög í forgang. Koma íslenskri knattspyrnu upp á hærri stall. Ég tel að stofnun deildasamtaka muni aðstoða félög við að stíga skrefið fram og vaxa. Það er mín skoðun að aðildarfélögin eigi að fá í sinn hlut allar innlendar tekjur sem KSÍ fær. Við þurfum svo að byrjað að vinna í því árið 2020 að semja upp á nýtt um sjónvarpsréttinn og færa þann samning í takt við nútímatækni og kröfur sem samfélagið gerir nú til dags. Það þarf að undirbúa það vel og hafa fagfólk með okkur í þeirri samningagerð sem hefur þekkingu á því sviði. Þar myndi skrifstofa deildarinnar koma að málum og vinna það affagmennsku.

Guðni: Það er áframhaldandi uppbygging fótboltans á öllum sviðum. Bæði í grasrotarstarfinu hjá okkar aðildarfélögum og svo á afrekssviðinu með okkar landslið. Verkefni á þeim vettvangi stoppa aldrei og halda bara áfram. Það er mikið hagsmunamál sem liggur fyrir sem frumvarp á Alþingi um endurgreiðslu byggingarkostnaðar og svo erum við að vinna að áhugaverðum tillögum um jöfnun ferðakostnaðar. Á næsta ári heldur svo áfram vinna við endurbætur á Laugardalsvöllum þar sem þarf að halda vel á spöðunum. Undankeppni Evrópumóta í karla- og kvennaflokki fara af stað á þessu ári og það er markmiðið að koma báðum liðunum okkar í lokakeppni þar. Svo er að innleiða þær skipulagsbreytingar sem við höfum verið að innleiða síðan ég tók við starfi formanns og skerpa á verkaskiptingu innan sambandsins með þeim.

Hvernig er hægt að fjölga konum í stjórnnum íslenskrar knattspyrnufélaga og í stjórn KSÍ?

Geir: Ég held að þetta sé sameiginlegt átak allrar íþróttahreyfingarinnar. Ég tel að það væri heillavænlegast að Íþróttasamband Íslands hefði frumkvæði að einhvers konar átaki og fyrirlestrum um leiðir til þess að leysa þetta vandamál.

Guðni: Við þurfum að nálgast þetta vandamál með markvissum hætti saman. Við erum að fara í verkefni sem hefur það að markmiði að fjölga sjálfboða-

Frambjóðendur með ólíka sýn

Kosið verður síðdegis í dag um hver verður formaður KSÍ næstu tvö árin. **Guðni Bergsson** sem er sitjandi formaður og **Geir Þorsteinsson** fyrrverandi formaður eru í framboði. Nokkur munur er á sýn þeirra á framtíð sambandsins.



ÞAÐ ER MIKIÐ HAGSMUNAMÁL OKKAR Í FERLI Á ALÞINGI UM ENDURGREIÐSLU BYGGINGARKOSTNAÐAR. VIÐ ERUM SVO AÐ VINNA Í TILLÖGUM UM JÖFNUN FERÐAKOSTNAÐAR.

Guðni Bergsson

liðum í hreyfingunni og þá leggja áherslu á það að fjölga konum. Við þurfum að fjölga konum í störfum í þessum karllæga knattspyrnuheimi.

Hvernig er hægt að auka tekjur íslenskrar knattspyrnufélaga?

Geir: Ég hef mjög skýra sýn á það hvernig mögulegt er að auka tekjur félaganna. Til þess að geta gert það verðum við að stofna deildasamtök að mínu mati. Deildasamtökin eiga að vinna fyrir félögin og standa saman að tekjuöflun. Meðal annars í samningagerð við birgja og ná þannig að draga saman kostnað. Svo ættu innanlandstekjur KSÍ að renna allar til félaganna. KSÍ ætti um leið að standa við þær skuldbindingar sem sambandið hefur undirgengist gagnvart aðildarfélögum sínum. Ég sé fyrir mér að taka allar þær tekjur sem verða til innanlands og láta þær renna til félaganna. Ég sé fyrir mér að deildasamtökin muni eftir nokkur ár velta nokkur hundruð milljónum. Í staðinn þyrfti að afla meiri tekna erlendis til þess að auka rekstrarfé KSÍ.

Guðni: Við erum að horfa til þess í samstarfi við félögin hvernig við getum styrkt tekjugrunna aðildarfélaganna. Mér finnst við líka bara þurfa að taka það samtal úti í samfélaginu og láta fyrirtækin vita af samfélagslegum ávinningi við það að styrkja félögin sem sinna mikilvægu forvarnar- og uppeldishlutverki. KSÍ mun svo halda áfram að styðja aðildarfélögin myndarlega og þau munu njóta góðs af þeim vaxandi tekjum sem sambandinu hafa fallið í skaut. Samstarf okkar við Íslenskan toppfótbolta, ÍTF, hefur batnað til mikilla muna og er með ágætum. Ég hef mikla trú á að við getum fundið leiðir í sameiningu til þess að auka tekjur félaganna. Stofnun á markaðssviði innan KSÍ mun svo verða til þess að gott starf í þessum efnum verður enn skilvirkara og betra.



ÉG TEL AÐ STOFNUN DEILDASAMTAKA MUNI AÐSTOÐA FÉLÖG VIÐ AÐ STÍGA SKREFIÐ FRAMAR OG VAXA. ÞAÐ ER MÍN SKOÐUN AÐ AÐILDARFÉLÖG EIGI AÐ FÁ ALLAR INNLENDAR TEKJUR KSÍ.

Geir Þorsteinsson

Hvenær er raunhæft að endurbættur Laugardalsvöllur verði tilbúinn?

Geir: Mig dremmir um það sem ég vil kalla samkomuhús Íslendinga sem getur hýst tónleika, alþjóðlegar sýningar og stóra þjóðarviðburði. Þetta samkomuhús væri svo hannað þannig að þar væri hægt að leika knattspyrnuleiki við bestu mögulegu aðstæður. Það er ekki í höndum formanns KSÍ að setja tímaramma á það hvenær framkvæmdir við slíka byggingu myndu klárast. Þetta er verkefni sem sambandið ræður ekki við að ráðast í og þyrfti að vera á forræði ríkis, borgar og einkaaðila.

Guðni: Ferlið þegar kemur að framkvæmdum við Laugardalsvöllinn er í góðum farvegi. Ef að líkum lætur og ákvörðun liggur fyrir um hvaða leið verði farin þegar kemur að byggingu eða endurbótum á völlum á þessu ári þá held ég að það sé raunhæft að líta til þess að völlum verði byggðar á tveimur til þremur árum. Við getum að mínu mati ekki beðið mikið lengur en það. Landsliðin okkar eru komin á þann stall að þau eiga skilið að æfa og keppa við þetta aðstæður. Þá stýttist í það að mínu mati að íslenskt félaglið komist í riðlakeppni í Evrópukeppni og þá verðum við að eiga völl við hæfi.

Hvada leiðir eru færar til þess að jafna stöðu liða á landsbyggðinni hvað rekstrarkostnað varðar?

Geir: Mér tókst að koma á mála miðlun á sínum tíma og koma ferðaþátttökugjaldi á koppinn. Eins og staðan er núna á þetta bara við um kostnað sem fellur til í kringum ferðalög í leiki meistaraflokka karla og kvenna. Ég vil halda áfram að þróa ferðaþátttökugjaldið liðum á landsbyggðinni til hagsbóta. Ég sé fyrir mér að útvíkka þetta og láta þetta ná til leikja í 3. og 2. flokki karla og kvenna.

Guðni: Við vorum með útbreiðsluverkefni á síðasta ári og höfum verið að horfa til þess að styrkja útbreiðslu knattspyrnunnar. Það er gert bæði með fræðslu okkar starfsmanna á landsbyggðinni. Við höfum líka á okkar snærum hæfileikamótun sem kemur liðum á landsbyggðinni til góða. Við erum klárlega vel á verði þegar kemur að því að passa upp á að knattspyrnan dafni vel alls staðar á landinu. Svo mun jöfnun ferðakostnaðar verða félögunum úti á landi til hagsbóta.

Viltu gera breytingar á skrifstofu KSÍ og skipulagi þar á næstunni?



Nýr Hyundai Tucson.



Helstu nýjungar í nýjum Tucson.

Meðal helstu nýjunga í Hyundai Tucson eru nýjar sparneytnari og umhverfisvænni vélar og SmartSense öryggisbúnaðarkerfi sem inniheldur meðal annars skynvædda neyðarhæmlun og hraðastilli með fjarlægðarskynjun. Innréttingin hefur verið endurhönnuð og ný LED aðalljós setja fallegan svip á nýjan Tucson.

Hyundai Tucson Comfort - 2wd, dísil, ssk. Verð frá 5.390.000 kr.

Hyundai Tucson Comfort - 4wd, dísil, ssk. Verð frá 5.690.000 kr.



Hyundai býður viðskiptavinum sínum upp á eina víðtækustu ábyrgð sem völ er á. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

Hyundai | Kaupþúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is
OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16



**ÞAÐ ER MÍN HUGMYND AÐ
FÆKKA STÖÐUGILDUM Á
SKRIFSTOFU KSÍ OG FÆRA
ÞAU YFIR Á SKRIFSTOFU
DEILDASAMTAKANNA SEM
MYNDU EINBEITA SÉR AÐ
MÓTAHALDI SEM FRAM
FER HÉR INNANLANDS.**

Geir Þorsteinsson

Geir: Það er mín hugmynd að fækka stöðugildum á skrifstofu KSÍ og færa þau yfir á skrifstofu deildasamtakanna sem myndu eingöngu sjá um mótaöld hér heima. Það er að sjá um utanumhald á Íslandsmótinu í öllum deildum svo sem markaðsstarf og fleira sem kemur til vegna deildarkeppnanna. Þessi skrifstofa deildasamtakanna myndi hafa tvo til þrjá starfsmenn til þess að byrja með. KSÍ myndi svo sjá um rekstur og umgjörð í kringum landsliðin, fræðslumál, dómaramál, agamál og félagaskipti leikmanna.

Ég vil ekki fjölga stöðugildum í kringum þessi málefni heldur hafa hæft og reynslumikið fólk á skrifstofunni sem getur annað þeirri eftirspurn sem þessir málaflökkar útheimta.

Guðni: Við höfum farið í vinnu við að breyta skipuritinum hjá okkur og breytt skipulaginu á skrifstofunni. Sett verða á laggirnar markaðssvið og knattspyrnusvið ásamt innanlandssviði. Markaðssvið hefur það að markmiði að auka tekjur okkar sem hafa vaxið umtalsvert í minni stjórnartíð. Afkoma okkar hefur verið góð undanfarin ár og félögin hafa notið góðs af því. Markaðssviðið hefur það hlutverk að gera enn betur í þeim efnunum og vinna með félögunum að markaðssetningu Íslandsmótsins. Knattspyrnusvið á að leiða til þess að aukin fagmennska verði í kringum yngri landsliðin okkar og í fræðslu til aðildarfélaganna. Þar komi til ráðning yfirmanns knattspyrnumála og aukin áhersla á að afla okkur og miðla til aðildarfélaganna sérfræðiþekkingu hvað varðar andlega líðan og næringu íþróttamanna.

Hvernig er mögulegt að fjölga áhorfendum á knattspyrnuleikjum á Íslandi?

Geir: Við þurfum að vinna faglega að því allt árið í kring að sinna markaðsstarfi fyrir Íslandsmótið. Við höfum hingað til vaknað af værum blundi á vorin og farið í átaksverkefni til þess að klóra í bakkann. Með því að setja á laggirnar skrifstofu sem hefur það eina



Ársþing KSÍ hófst í gær og kosið verður um formann sambandsins á Hilton-hótelinu í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



LITVINAÆFELAG HALLGRÍMSKIRKJU 37. STÁRSÁR
THE HALLGRÍMSKIRKJA FRIENDS OF THE ARTS SOCIETY 37TH SEASON

JURGA & DIANA ENCIENÉ

GESTIR FRÁ LITHÁEN / GUESTS FROM LITHUENIA

TÓNLEIKAR Í HALLGRÍMSKIRKJU MÁNUDAGINN 11. FEBRÚAR 2019 KL. 20
CONCERT IN HALLGRÍMSKIRKJA REYKJAVÍK MONDAY FEBRUARY 11 2019 AT 8 PM



FLYTJENDUR / PERFORMERS:

MARGVERÐLAUNAÐA SÖNGKONAN
THE FAMOUS SINGER

JURGA

&

DIANA ENCIENÉ ORGEL/ ORGAN

EFNISSKRÁ/ PROGRAM:

Jurga	"Seniai toli" ("Far Away, Long Time Ago")
J. Alain	"Litanies"
A. Vivaldi	"Domine Deus" from "Gloria"
G.F. Händel	"Ombra mai fu" from "Xerxes"
J. S. Bach	"Agnus Dei" from Mass in B minor
J. S. Bach	"Bist Du Bei Mir" from "Notenbüchlein für Ana Magdalena Bach"
J. S. Bach	"Erbarme Dich" from St. Matthew Passion
W. A. Mozart	"Laudate Dominum"
H. M. Dunham	"Toccata in B major op.24 Nr. 6"
Jurga	"Goal of Science"
Jurga	"Prie žalio vandens" ("At the Green Water")

verkefni að sjá um Íslandsmótið myndi þessi hugmyndavinna og markaðsstarf fara fram allt árið. Við höfum náð frábærum árangri með landsliðin og á meðan hefur Íslandsmótið setið á hakanum. Við þurfum að hefja þennan stærsta íþróttavíburð hvers árs hér á landi til vegs og virðingar á nýjan leik.

Guðni: Við erum að setja á stofn markaðssvið sem myndi hafa þetta mál á sinni könnu. Við vorum í góðu samstarfi við félögin í fyrra og náðum að halda í horfinu hvað þetta varðar. Félögin sjálf gerðu gangskör þegar kom að umgjörð í kringum leiki þeirra og starf markaðsfulltrúa, sem ráðinn var í tímabundið starf í fyrra, skilaði sér svo um munaði. Það á eftir að útfæra það hvernig markaðssviðið mun búa um hnútana þegar kemur að þessu. Það verður hins vegar gert í góðri samvinnu við félögin og af miklum krafti. Ég bind miklar vonir við það starf sem markaðssviðið mun inna af hendi í þágu Íslandsmótsins.

Er á stefnuskránni að setja U-21/U-23 ára lið kvenna á laggirnar?

Geir: Ísland þarf að vinna að því hörðum höndum ásamt öðrum þjóðum sem standa framarlega í kvennaknattspyrnu að fá Evrópska knattspyrnusambandið, UEFA, til þess að hysja upp um sig buxurnar á þessu sviði og koma á koppinn landsliðakeppni fyrir U-21 ára eða U-23 ára landslið kvenna. Það verði boðið upp á sömu mót fyrir karla og konur á vegum UEFA.

Guðni: Það er á dagskrá hjá okkur að setja á stofn yngri landslið í þessum aldursflokki. Ég býst við því að þegar liður á árið munum við kynna hvernig við hyggjumst standa að því þegar kemur að þjálfun, umgjörð og verkefnum þess liðs. Þetta er eitt-hvað sem ætti að vera til staðar að mínu mati og verður að búa til sem allra fyrst. Það er svo mikilvægt að þetta lið fái verkefni við hæfi á alþjóðlegum vettvangi og þar reynir á UEFA að mínu mati.

Er eitthvað sem þú vildir sjá breytast hjá UEFA eða FIFA?

Geir: Okkar stóru hagsmunamál eru á vettvangi UEFA. Við þurfum fyrst og fremst að beita okkur innan UEFA. Ég myndi vilja sjá litlu þjóðirnar standa miklu betur saman við að reyna að fá stærri hluta af kökunni þar. Bæði þegar kemur að tekjum í kringum landslið og félagslið og meira tillit verði tekið til félagsliða smærri landa og mögu-



**VIÐ HÖFUM FARIÐ Í VINNU
VIÐ AÐ BREYTA SKIPU-
RITINU HJÁ SAMBANDINU.
SAMKVÆMT ÞVÍ SKIPURITI
VERÐUR SETT Á STOFN
KNATTSPYRNU- OG MARK-
AÐSSVIÐ SEM STARFAR
MEÐ INNANLANDSSVIÐI.**

Guðni Bergsson

leikar þeirra auknir til þess að komast lengra í Evrópukeppnum félagsliða. Ég hef áður tekið þátt í þannig samstarfi og mér finnst við þurfa að efla það. Svo myndi ég vilja sjá að fjölgunin á þátttökupjóðum á HM úr 32 í 48, sem boðað hefur verið að taki gildi 2026, verði innleidd strax fyrir mótið 2022.

Guðni: Ég hef átt í góðu samstarfi og vinsamlegum samskiptum við bæði UEFA og FIFA. Við höfum sömu hagsmuni og UEFA þegar kemur að útbreiðslu knattspyrnunnar í álfunni. Það er mjög mikilvægt að við stöndum vörð um það að sjónvarpstekjum, sem falla í skaut UEFA, sé dreift á sanngjarnan hátt á milli aðildarþjóða sambandsins. Við verðum að standa hörð á okkar hagsmunum þegar kemur að því. Að fámenn lönd eins og Ísland fái sanngjarnan hlut af þeim tekjustofni. Við ætlum í samstarfi við hin Norðurlöndin að sækja um það að halda HM 2027 í kvennaflokki. Það væri mjög gaman ef það gæti gengið upp.

Ársþing KSÍ hófst í gær og dagskrá hefst svo klukkan 10.00 í dag þar sem skýrsla stjórnar verður lögð fram og farið verður yfir lagabreytingar sem lagðar hafa verið fram.

Hafist verður svo handa við að kjósa í nefndin, stjórn og loks um formann sambandsins um klukkan 14.30 og úrslit úr kosningunum munu síðan liggja fyrir síðdegis.

HELDU

LAUGARDAGUR 9. FEBRÚAR 2019

Helgin



Á morgun sunnudag frumsýnir nemenda-ópera Söngskólans í Reykjavík verkið Þinn Falstaff sem er óperu-flækja um ástir, örlög og brostnar vonir. ➔4



Rósa Guðmundsdóttir fann fyrir bata með því að auka inntöku á vitaminum og fæðubótarefnum frá NOW. MYND/STEFÁN

Doktor.is

- Fræðsla
- Ráðgjöf
- Forvarnir



Fæðubótarefnin björguðu heilsunni

Rósa Vestfjörð Guðmundsdóttir var illa haldin af vefjagigt, slitgigt og liðagigt. Hún leitaði að hjálpi á netinu og fann út að prótín og fleiri bætiefni gætu hjálpað henni. Nú hefur hún ekki tekið gigtarlyf í meira en tvö ár. ➔2

Framhald af forsiðu →

Rósa segir að rekja megi veikindi hennar til þess þegar hún lenti í slæmu reið-hjólalysi á Kúbu fyrir nokkrum árum. „Ég og maðurinn minn, Kári Þórðarson, hjóluðum umhverfis eyjuna. Eftir slysið þurfti ég að fara í nokkrar stórar aðgerðir, þar á meðal þrjár bakaðgerðir sem virtust hafa haft áhrif á ristilinn. Í framhaldinu fékk ég hægðavandamál. Einnig skemmdist taug sem liggur úr bakinu niður í annan fótinn. Ég hef fengið góðan bata með því að taka inn NOW bæti-efni,“ segir Rósa.

Heilsan var í molum

„Það var læknir sem benti mér á að taka inn magnesíum að morgni og aftur að kvöldi. Ég fann strax mun á mér þegar ég byrjaði á því. Ég hef alltaf gætt að mataræðinu, alin upp í sveit. Árið 2012 fór ég í líðskiptaaðgerð á hné. Það kom sýking í það og ég þurfti að fara í þrjár aðgerðir og í framhaldinu í sex vikna erfða sýklalyfjameðferð. Þá virðist ristillinn hafa hætt að vinna eðlilega úr fæðunni og vefjagigtin versnaði mikið. Það var síðan í október 2016 sem ég ákvað að gera eitthvað róttækt í mínum málum. Ég var bæði í vandamálum með blóðþrýsting og hafði viðvarandi járnskort. Slímhúðin í munnum var öll í sárum. Ég var með þrjár gerðir af gigtarlyfjum og tók óhöflega mikið af svefn- og verkjalyfjum. Auk þess var ég á magalyfjum. Í eitt skiptið endaði ég á hjartadeild vegna ofnotkunar á íbúfeni,“ segir Rósa en hún og maður hennar reka bókaútgáfuna Ásútgáfan sem gefur út Rauðu ástarsögurnar.

„Ég átti erfitt með svefn vegna verkja,“ segir hún. „Hendurnar voru verstar, ég gat ekki snúð lykli eða opnað mjólkurfernu. Það var oft erfitt fyrir mig að taka lok af potti þegar ég var að elda mat. Ég fór að velja þessu mikið fyrir mér og ákvað að gúgla til að fá fráðslu og upplýsingar. Gæti verið að mig vantaði einhver bæti-efni, til dæmis prótín? Eftir að hafa vafráð um netið komst ég að því að sumar rannsóknir hafa sýnt samhengi á milli sjúkdómslýsinga hjá mér og prótínskorts. Barnabarn mitt bjó hjá mér um tíma og tók inn prótín. Þegar hann fór skildi hann eftir heilan dunk af prótíninu og ég



Rósa telur að inntaka á Amino Complete geti hjálpað í baráttunni við gigtina. MYND/STEFAN

prófaði að taka þetta inn. Það bara sarnvirkaði. Ég fann strax mun á mér,“ segir Rósa.


NOW vörur hjálpuðu

„Það var fyrir tilviljun að ég datt niður á NOW vörurnar og þær hafa reynst mér einstaklega vel. Þetta eru góðar vörur og ég get vel mælt með þeim. Rannsóknarstofur hafa gert ýmsar rannsóknir á fæðubótarefnum og vítamínum. Meðal annars hvort merkingar á glösum standist. NOW vörurnar hafa komið mjög vel út úr slíkum könnunum,“ segir hún.

Losnaði við verki með Amino Complete frá NOW

„Ég geng alltaf með Amino Complete töflur í vasanum því þegar verkurinn kemur í löngutöng á hægri hendi þá er það merki þess að ég þarf að taka inn aminósýrur. Það gerist oft þegar lægðirnar koma yfir og kuldin er svona mikill eða ég hef verið mikið á fundum og drukkið mikið kaffi. Kaffi og stress virðast eyða aminó-

sýrum en eftir 1-2 tíma er verkurinn alveg horfinn úr hendinni. Þetta er alveg undraefni að mínu mati,“ segir Rósa.



„Á kvöldin fæ ég mér búst sem samanstendur af Whey Isolate próteini, Green phytofoods og magnesíum frá NOW. Þegar ég vakna á nóttunni fæ ég mér 2 Amino Complete töflur og 2 spirulina-töflur. Mér finnst best að taka þær á 6-8 tíma fresti allan sólarhringinn,“ útskýrir hún.

„Margir hlæja að mér fyrir að taka öll þessi vítamín en nú eru tvö og hálf ár síðan ég tók síðustu gigtar- og verkjalyfin. Þegar ég finn til í höndunum tek ég aminósýrur og þá er verkurinn horfinn einum til tveimur tímum seinna. Þá finn ég hvað það er mikill lúxus að vera verkjalaus,“ segir Rósa.

„Ég er að verða 72 ára í sumar. Við hjónin gefum út sex bókatitla á mánuði sem við keyrum út og dreifum í búðir. Þetta eru niðþungir kassar sem við berum inn og út úr bílnum. Ég er þakklát fyrir öll þessi bæti-efni og vítamín sem hjálpa mér að halda fullri heilsu, það er ekkert sjálfgefið á þessum aldri.

Heilsa og hreyfing

Ég þurfti að taka fleiri og stærri skammta þegar ég byrjaði en núna er ég farin að minnka við mig. Fyrst voru þetta viðgerðir á líkamanum en nú er ég komin í viðhald. Það kemur þó ekki áþreifanlegur árangur fyrir en eftir 3-6 mánuði. Eftir tvö og hálf ár finn ég að taugin sem liggur niður í fótinn er alltaf að verða betri og betri. Líkaminn er greinilega að lækna sig sjálfur,“ segir Rósa og bætir við að vissulega sé hreyfing líka nauðsynleg fyrir líkamann. „Ég finn mikinn mun ef ég er dugleg að hreyfa mig. Ég fer í leikfimi í Heilsborg í hverri viku en þar eru frábærir tímar sem heita 60+ og hægt er að velja sér tíma eftir getu. Ég hef líka alltaf hjólað mikið,“ segir Rósa afar ánægð með bætta líðan sína.

Sölustaðir Amino Complete frá NOW: hverslun.is. Fjarðarkaup, Nettó, Lyf & heilsa Kringlunni og Granda og Apótekarinn Austurveri.

Vítamínúrúttína Rósu

Morgunbúst – uppskrift:

Rósa kynntist túrmerik og engifer þegar hún var á Indlandi árið 2003 og hefur notað þessi krydd síðan í heilsudrykki. „Ég tek ræturnar, rif þær niður í blandara og set greip með, síðan frysti ég þetta í klakaboxum. Þegar ég nota klakana set ég heitt vatn yfir og bæti kanil, svörtum pipar og sítrónusafa út í. Þetta drekk ég

við verkjum eftir þörfum,“ segir Rósa og segir hér uppskrift að morgundrykkjum.

- 1 msk. Green Phytofoods frá NOW en það er ofurblanda af grænni fæðu og jurtum. Einnig bætt með vítamínum, steinefnum, treffjum og ensímum.
- Collagen duft frá NOW.
- Whey Isolate prótein frá NOW sem er í hæsta gæðaflokki.

- Út í þetta bæti ég svo túrmerik, engifer og sítrónusafa. Þetta drekk ég á fastandi maga á morgnana með vítamínunum.

Vítamín frá NOW sem Rósa tekur:

- Astaxanthin – kaótóníð sem er litarefni sem finnst í mörgum plöntunum. Það er talið gott við bólgum og fleiru.

- Q10 – efni sem myndast í nær öllum frumum líkamans og er talið virka vel gegn einkennum vefjagigtar.
- EVE fjölvítamínblanda með áherslu á allt sem konur þurfa. Bætt með olíum og fleiru.
- Omega 3 – hrein fiskiolía fyrir heilbrigða og sterka liði. Innheldur DHA- og EPA-fitusýrur.
- D-vítamín – algengasti víta-

- minkortur á Vesturlöndum er D-vítamínkortur
- Probiotic 10 – blanda með tíu mismunandi vinveittum góðgerlum í miklum styrkleika sem styðja við heilbrigða þarmaflóru.
- Spirulina er blágrænn þörungur sem er hlaðinn prótínunum og hefur mjög sterka bólgueyðandi eiginleika.



Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundin ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi:

Torg ehf

Ábyrgðarmaður:

Kristín Þorsteinsdóttir

Umsjónarmenn efnis: Sólveig Gisladóttir, solveig@frettabladid.is, s. 550 5762 | Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Brynhildur Björnsdóttir, brynhildur@frettabladid.is, s. 550 5765 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 550 5763 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653.

Betri andleg líðan og gott jafnvægi á náttúrulegan hátt

Saffrox er 100% náttúrulegt og klínískar rannsóknir sýna að það getur haft mikil og jákvæð áhrif á geðslagið án þess að auka verkana eins og þyngdaraukningar og kyndeyfðar verði vart.



Hrönn Hjálmsdóttir, heilsumarkþjálfari hjá Artasan.

Depurð, sorg og vonbrigði eru hluti af eðlilegri líðan mannsins. Þetta eru tilfinningar sem koma og fara og eiga að öllu jöfnu ekki að vera langvarandi. Þó gerist stundum hið gagnstæða og það getur gengið erfiðlega að reisa sig við og finna gleðina og kraftinn sem henni fylgir.

Hreyfing, næring og lífsstíll

Einkenni depurðar eru fyrst og fremst tengd leiða, depurð, áhugalessi og það er oft stutt í pirringinn, hvort sem það er út í sjálfan sig eða aðra, einbeitingarskortur er einnig algengur. Einkennin geta þó verið mismunandi og er t.d. afar erfitt fyrir marga að komast á fætur á morgnana og hlakka til að takast á við daginn og því amstri sem honum fylgir. Ef einungis um væga depurð er að ræða er um að gera að leita fyrst einfaldra leiða til að komast út úr ástandinu og gera eitthvað sjálf(ur):

- Gæta þess að sofa nóg.
- Nærast reglulega og velja hreina fæðu.
- Hreyfa sig daglega.
- Ræða við aðra um líðan sína, s.s. foreldra og/edna vini.

Nauðsynlegt er að huga að lífsstílnum almennt og losa sig út

úr aðstæðum sem valda streitu. Reyna að einfalda lífið svolítið og hafa rútinu á hlutunum. Gott er að læra slökun/jóga eða annað álíka, temja sér þakklæti og æðruleysi en til eru fjölmargar leiðir til að koma sér af stað og það getur verið gott að leita upplýsinga einfaldlega á netinu eða í bókasöfnum og svo eru fjölmörg námskeið og ráðgjöf í boði sem lúta að þessum málum og um að gera að skoða slíkt.

Bætiefni gegn depurð

Til að viðhalda góðri heilsu og þar með geðheilsu getur verið gott að nota bætiefni sér til hjálpar. Þar má fyrst og fremst nefna góða mjólkursýrugerla því þarmaflóran og geðheilsan tengjast sterkum böndum, omega-3 eiga allir að taka sem og D-vítamín. Að lokum kynnum við svo Saffrox til sögunnar en það inniheldur affron® sem er extrakt úr saffran-jurtinni og fjöldi smærri rannsókna staðfestir að þetta náttúrulega efni hefur svipuð áhrif og þunglyndislyfin Prozac (Fluoxetine) og Tofranil (Imipramine). Jafnframt er þetta fyrsta náttúruylfið sem hefur svona mikil áhrif á geðið án þess að aukaverkana eins og þyngdaraukningar og kyndeyfðar verði vart. Rannsóknir hafa sýnt að Saffrox:

- Hefur jákvæð áhrif á geðslag

“Saffrox er fyrsta náttúruylfið sem hefur svona mikil áhrif á geðið án þess að auka verkana eins og þyngdaraukningar og kyndeyfðar verði vart.”

með því að koma jafnvægi á serótónín, dópamín- og glútáminvirk kerfi líkamans.

- Inniheldur virkt form fólínsýru (L-Methyl Folate) sem styður við framleiðslu serótóníns, noradrenalíns og dópamíns og kemur á jafnvægi.
- Inniheldur öflugasta form magnesíum (Magnox™) fyrir bætt starfsemi miðtauga-kerfisins hjá fólki í magnesíumskorti.
- Inniheldur túrmerik fyrir andlegt jafnvægi og heilastarfsemi.
- Inniheldur fólínsýru, B6 og B12 sem styður við sálfræðilega virkni og dregur úr þreytu og lúá.


Er Saffrox eitthvað fyrir þig?

Saffrox er bætiefni og ákjósanlegur kostur til að vinna gegn vægum depurðareinkennum. Einungis þarf 1 hylki á dag og það ætti að finnast breyting til hins betra á innan við mánuði. Í stuttu máli þá getur Saffrox:

- Unnið gegn geðsveiflum.
- Haft jákvæð áhrif á kynlíflöngun og getu hjá báðum kynjum.
- Unnið gegn andlegri streitu.

Ekki hika við að leita hjálpar

Ef einkenni depurðar eða jafnvel



Saffrox er bætiefni og ákjósanlegur kostur til að vinna gegn vægum depurðareinkennum. Einungis þarf eitt hylki á dag og breyting finnst fljótt.

Þunglyndis verða langvarandi er nauðsynlegt að leita til fagaðila og fá aðstoð. Birtingarmynd þunglyndis getur verið mismunandi milli einstaklinga og mikilvægt er

að meta hvert tilvik fyrir sig. Setjum okkur sjálf alltaf í fyrsta sæti.

Sólustaðir: Flest apótek

Eplaedik – lífsins elxír

Eplaedik hefur verið notað sem heilsubótarefni í aldaðir, bæði sem forvörn sem og vegna læknanandi eiginleika.

Auk eplaediks inniheldur Apple Cider ætíþistil, túnffil og kólín sem getur elft meltinguna, haft góð áhrif á lifrina og leitt til eðlilegs niðurbrots á fitu. Svo er króm sem er gott fyrir blóðsykursjafnvægið og slær þannig á sykurlöngun.

Aðeins ein tafla á dag og ekkert bragð!



- Hreinsandi
- Vatnslosandi
- Gott fyrir meltinguna
- Getur lækkað blóðsykur
- Getur dregið úr slímmyndun
- Gott fyrir þvagblöðru, lifur og nýru



NEW NORDIC

Flækja þar sem enginn deyr

Á morgun, sunnudag, frumsýnir nemendaópera Söngskólans í Reykjavík verkið Þinn Falstaff sem er óperuflækja um ástir, örlög og brostnar vonir.

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



Nemendaópera Söngskólans í Reykjavík frumsýnir á morgun verkið Þinn Falstaff, sem er að sögn aðstandenda sýningarinnar óperuflækja um ástir, örlög og brostnar vonir. Nemendur skólans hafa undanfarið ár sýnt óperur, eða verk byggð á óperum, en þar sem hópurnir í ár samanstendur af sjö sópransöngkonum, einum barítónsöngvara og einum tenór var einfaldlega ekki til neinn ópera

með þessari hlutverkaskipan, segir Sibylle Köll, leik- og verkefnastjóri hjá Söngskólanum í Reykjavík. „Við brugðum því á það ráð að búa til okkar eigin óperuflækju til að hlutverkin yrðu nokkuð jöfn milli nemenda en þeir syngja ariur úr ýmsum ólíkum óperum. Við val á verkum höfðum við í huga að velja verk sem eru bæði þroskandi og krefjandi fyrir unga söngvara.“

Lærdómsríkt ferli

Nemendasýning af þessu tagi er eðlilega mjög lærdómsrík fyrir nemendur, segir Íris Sveinsdóttir, ein nemenda, en hún leikur og syngur hlutverk Lolu, eiganda kaffihússins Kaffi Lolu. „Þetta er í fyrsta skipti sem ég tek þátt með óperudeildinni og undanfarnar vikur eru búnar að vera hreint út sagt stórkostlegt ævintýri. Sibylle er snillingur í að búa til óperuflækjur og laða fram mismunandi karaktera og ná því besta úr okkur. Það er auðvitað allt öðruvísi áskorun að bæði syngja og leika en mér finnst það mjög skemmtilegt.“

Misgóðar hugmyndir

Verkið gerist á kaffihúsinu Kaffi Lolu í miðbæ Reykjavíkur þar sem hópur áhugamanna um sveiflu millistríðsáranna hefur hreiðrað um sig, segir Sibylle.



Íris Sveinsdóttir (t.v.), einn nemenda sem taka þátt í sýningunni Þinn Falstaff, og Sibylle Köll, leik- og verkefnastjóri hjá Söngskólanum í Reykjavík. Niu nemendur taka þátt í sýningunni sem verður frumsýnd á sunnudag. MYND/EYÞÓR

Sibylle er snillingur í að búa til óperuflækjur og að laða fram mismunandi karaktera og ná því besta úr okkur.

Íris Sveinsdóttir

„Þau setja óneitanlega svip á bæinn þar sem þau bæði klæða sig og dansa lindy hop í anda stríðsáranna. Í þessum hópi eru félagarnir Kobbí og Keli sem eru snillingar í að fá „góðar“ hugmyndir sem þeir eru misgóðir í að útfæra og eiga oft sammerkt að hafa þann tilgang að gera þá ríka og fræga.“

Þekktar ariur

Í sýningunni heyrast ýmsar óperuperlur sem flestir ættu að kannast við, þar á meðal ariur úr Carmen eftir Georges Bizet, Brúðkaupi Figarós eftir Mozart, Fidelio eftir Beethoven, Kátu konunum frá Windsor eftir Otto Nicolai, Falstaff eftir Verdi, Der Schauspieldirektor eftir Mozart og Perluköfurunum eftir Bizet. „Sem sagt; grín, gleði, glens og skemmtileg óperuflækja þar sem allir verða vinir í restina og enginn deyr.“

Tækifæri fyrir nemendur

Sýningunni stýrir Garðar Cortes sem Íris segir vera „legend“ í bransanum og mikinn meistara. „Það eru mikil forréttindi að vinna með honum og því góða fólki sem kemur að og tekur þátt í sýningunni með okkur. Um leið er mikilvægt fyrir okkur nemendur að fá tækifæri til að sjá alla vinnuna sem er í kringum svona sýningu. Hrönn Þráinsdóttir hefur til dæmis séð um tónlistarstjórnun af sinni alkunnu snilld en einnig hafa Antonia Hevesi og Sigurður Helgi Oddsson setið við píanóid með okkur á mörgum æfingum. Auk þess hefur Sigurður líka kennt okkur lindy hop-dansinn sem við notum í sýningunni.“

Tvær sýningar eru fyrirhugaðar, báðar á sunnudag, í Iðnó í Reykjavík. Fyrri er kl. 16 og sú síðari kl. 20. Hægt er að kaupa miða á midi.is.



Nemendurnir niu sem taka þátt, ásamt Sibylle Köll, MYND/EYÞÓR



Flestir senur gerast á Kaffi Lolu. Hér er tekin kennslustund í lindy hop.



Það ríkir alltaf góð stemning á kaffihúsinu Kaffi Lolu í miðbæ Reykjavíkur.

SMART BUXUR, FYRIR SMART KONUR

My Style tiskuhús

Holtasmára 1
201 Kópavogur
(Hjartaverndarhúsið)
Sími 571 5464

Flott föt, fyrir flottar konur

Verslunin Belladonna

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

Sundlauganótt

Fjör og frítt í sund milli 17 – 22
í laugunum í Reykjavík
í kvöld 9. febrúar

fyrir alla
fjölskylduna

í þínu
hverfi

Frá
17 – 22
í kvöld

► **Grafarvogslaug**

Circus Ísland með glæsilega sýningu fyrir alla fjölskylduna. Hljómsveitin Karma Brigade spilar nokkur lög. Harmónikkutónlist Jóhanns Helgasonar og Bræðrabandsins. Kór Korpúlfa og Korpusystkin undir stjórn Kristínar Guðmundsdóttur. Norðurljósaflof Gyðu Dísar flotþerapista. Wipeout í barnalaug, kósíheit og kyndlar á útisvæði.

► **Sundhöll Reykjavíkur**

Hljómsveitin Karma Brigade, Skólahljómsveit Austurbæjar. Ellý Ármannsdóttir flotþerapisti með Miðbæjarflof í innlauginni. Kyndlar og kósíheit á útisvæðinu.

► **Laugardalslaug**

KR Super Challenge keppni í 50 m flugsundi. Tónlist, sund, skemmtun og ljósasýning verður í aðalhlutverki. Arnbjörg Konráðsdóttir stjórnar jóga í vatni. DJ Kerúlf sér um tónlist.

► **Vesturbæjarlaug**

Létt stemning fyrir alla fjölskylduna. Ljósmyndasýning, tónlistarflutningur Hrafns Bogdan, skemmtilegt fyrir börnin og notaleg vetrarstemning.

► **Breiðholti-laug**

Lágstemmd og ljúf stemning með kyndlum við potta og tónlist DJ Bjarna. Margrét verður með samflof þar sem gestir geta fengið lánaðar flothettur.

► **Árbæjarlaug**

Lágstemmd stemning, ljúfir tónar og kyndlar. Tilvalið fyrir þá sem vilja koma og njóta kyrrðar og kósíheita í Elliðaárdalnum.

Dagskráin í heild sinni er á vefsíðu Vetrarhátíðar:
www.vestrarhatid.is




Valkyrjurnar flúrandi

Melissa Johansen, flúrlistakona og eigandi flúrstofunnar Valkyrie Tattoo Studio á Fiskislóð, vildi gefa konum tækifæri til að þróa sig í flúrlistinni og aðeins kvenkyns flúrarar starfa hjá henni.

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is



Ég er alin upp í Seattle og stjúpminn var flúrarinn þannig að ég hef verið að þvælast um á húðflúrstofum síðan ég var svona fimm ára,“ segir Melissa. „Ég var ellefu ára þegar ég gerði mér grein fyrir að það eru ekki allir með flúr og sumir kjósa að fá sér aldrei flúr og ég man hvað ég var hissa því þetta var svo sjálfsgæður hluti lífsins fyrir mér.“ Eftir að hún varð fullorðin ferðaðist hún um heiminn og flúrandi og kom loks til Íslands 2008 en þabbi hennar er íslenskur þó hann hafi aldrei búið hér. „Ég kom fyrst til að prófa og sjá hvernig mér myndi líka og fannst strax eins og ég hefði alltaf átt heima hér.“ Hún opnaði flúrstofuna Valkyrie Tattoo Studio á Grandanum og setti sér strax ákveðin markmið. „Ég hef unnið í mörg ár á alls konar flúrstofum og oftast en ekki verið eina konan á staðnum. Ég varð leið á dæmigerðum flúrstofum, sérstaklega eftir að ég gerði mér grein fyrir hvað það er erfitt fyrir konur að komast að í þessum karllæga heimi en tölfræðin segir að aðeins einn af hverjum sex flúrlistamönnum sé



Emii Dungal flúrlistakona mundar hér nálina af mikilli nákvæmni. MYNDIR/SIGTRYGGUR ARI



FERMINGAR

Veglegt sérblað Fréttablaðsins um ferminguna kemur út **þriðjudaginn 26. febrúar.**

Fermingin er hjá allflestum einn stærsti viðburður unglingsáranna og mikið er lagt upp úr þeim degi hjá fermingar barninu. Með þessu blaði viljum við kynna allt það sem viðkemur sjálfri fermingunni, allt frá athöfninni, fermingarfatnaðinum, skartinu, sálmaðókinni, veisluföngum, fermingargjöfum og allt þar á milli.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Áhugasamir auglýsendur hafi samband við sérblaðadeild Fréttablaðsins

Sími 550 5078/ serblod@frettabladid.is


FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

kvenkyns. Samt eru konur alveg jafn mikið að láta flúra sig og karlar. Mig langaði til að stofna flúrstofu til að gefa kvenflúrum tækifæri og mig langaði jafnframt að hafa meiri fagmennsku þar en á öllum öðrum stofum sem ég hef unnið á, að fólki liði vel og upplifði virðingu og tengsl við flúrarann og að reynslan öll væri eins þægileg og kostur er.“

Melissa fékk sitt fyrsta flúr, sól og tungl, á ristina, þegar hún var þrettán ára. „Sem mér finnst allt of ungt,“ segir hún ákveðin og bætir við: „Ég er flúradri en venjulegt fólk en er ekki með jafn mikið og flestir flúrlistamenn og flest mín er auðvelt að hylja.“ Þegar hún er spurð af hverju það sé segir hún: „Þegar ég fæ mér flúr hefur það persónulega þýðingu og það er svoltið eins og að lesa upp úr dagbókinni minni ef allir geta alltaf séð öll flúrin mín.“

Hún segir viðhorf Íslendinga til húðflúrs frjálslýnd miðað við í Bandaríkjunum. „Hér getur fólk í virðingarstöðum verið með flúr en ég hef unnið á skyndibitastöðum í Bandaríkjunum þar sem fólk mátti ekki vera með sýnileg flúr. Íslendingar velja gjarna hefðbundin mynstur eins og rósir og hausjúpur og eru hrifnastir af gráu og svörtu á kostnað líta.“

Nú starfa sjö konur við að flúra á Valkyrie Tattoo Studio. „Þær eru allar íslenskar nema ein hálf-



Melissa Johansen opnaði flúrstofuna Valkyrie Tattoo Studio í fyrra en þar starfa aðeins kvenkyns flúrarar.

spænsk og hún er sú eina sem hafði unnið á flúrstofu áður. En þær hafa allar bakgrunn í myndlist og byggja sitt flúr á sinni list svo flúrin þeirra eru einstök, hverrar fyrir sig. Viðskiptavinir okkar eru

mjög ánægðir og við erum með jafnmarga karla og konur. Svo er dásamlegt hvað við erum samheldinn hópur og styðjum hver aðra. Ég er mjög stolt af því hvað okkur gengur vel.“



SPENNANDI STÖRF FYRIR METNAÐARFULLT FÓLK

UPPLÝSINGAÖRYGGISSTJÓRI

Við leitum að viðskiptadrifnum og kraftmiklum einstaklingi til að leiða stjórnkerfi upplýsingaöryggis og stöðugar umbætur hjá Creditinfo. Upplýsingar eru kjarninn í starfsemi okkar og öryggi þeirra því sambætt öllu sem við gerum. Skilvirkir ferlar eru lykill að árangri þegar kemur að því að skapa aukið virði fyrir viðskiptavinum okkar. Öll okkar vinna byggir á staðreyndum og er mikilvægt að umsækjendur eigi gott með að greina gögn, draga af þeim ályktanir og framkvæma á grundvelli þeirra.

ÁBYRGÐ Í STARFI

- Ábyrgð á stjórnkerfi upplýsingaöryggis
- Greining gagna úr vöruhúsi
- Umsjón, viðhald og eftirfylgni með innri ferlum

HÆFNIKRÖFUR

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, helst verkfræði
- Mikill áhugi á viðskiptum
- Þekking eða reynsla af upplýsingaöryggi kostur, sér í lagi ISO27001
- Mjög góð greiningarhæfni, færni til að taka saman tölulegar upplýsingar og setja þær fram á greinargóðan hátt
- Frumkvæði, jákvæðni, kraftur, nákvæmni og skipulögð vinnubrögð

Umsókn ásamt ferilskrá skal senda á netfangið atvinna@creditinfo.is merkt „Upplýsingaöryggisstjóri“.

Starfið heyrir undir forstöðumann fjármála- og rekstrarsviðs, Önnu Láru Sigurðardóttur sem veitir nánari upplýsingar á annas@creditinfo.is.

Umsóknarfrestur er til og með 20. febrúar 2019.

UM OKKUR

Creditinfo er ört vaxandi, alþjóðlegt fyrirtæki á sviði miðlunar fjárhags- og viðskiptaupplýsinga. Tilgangur Creditinfo er að auka virði upplýsinga í þágu einstaklinga, fyrirtækja og opinberra aðila og stuðla þannig að réttri ákvarðanatöku og trausti í viðskiptum. Á Íslandi vinnum við í samhentum teymi í verkefnamiðaðri vinnuaðstöðu. Starfsemin er ISO 27001 vottuð, allar okkar greiningar eru unnar í vöruhúsi gagna og markmið okkar er bættur árangur á hverjum degi. Hjá félaginu starfa um 50 manns hérlendis og tæplega 500 manns út um allan heim.

VIÐMÓTSFORRITARI

Við leitum að starfsmanni í hugbúnaðargerð sem nýtur þess að forrita í JavaScript og React.js. Helstu verkefni snúa að forritun notendaviðmóts og eininga í samvinnu við hugbúnaðarteymi Creditinfo. Starfið felur í sér þátttöku í vörubrúnotarteymum þar sem áhersla er lögð á samvinnu, frábæra notendaupplifun og gæði.

ÁBYRGÐ Í STARFI

- Þróun og viðhald notendaviðmóta
- Endurnýting og smíði á viðmótseiningum Creditinfo
- Vinna með viðmótshönnuðum

HÆFNIKRÖFUR

- BS/MS í tölvunarfræðum eða verkfræði eða mikil reynsla á þessu sviði
- Faglegur metnaður
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Framúrskarandi samskiptahæfni
- Reynsla af forritun viðmóta
- Reynsla af JavaScript, HTML og CSS
- Reynsla af React.js

Umsókn ásamt ferilskrá skal senda á netfangið atvinna@creditinfo.is merkt „Viðmótsforritari“.

Starfið heyrir undir forstöðumann upplýsinga- og tæknisviðs, Ólaf Magnússon sem veitir nánari upplýsingar á olafurm@creditinfo.is.

Umsóknarfrestur er til og með 20. febrúar 2019.



Á Seltjarnarnesi búa um 4500 manns í fallegu umhverfi sem státar af góðum útivistarsvæðum með fjölskrúðugu fuglalífi.

Starfsemi Seltjarnarnesbæjar er skipt niður á nokkur svið; fjárhags- og stjórnsýslusvið, menningar- og samskiptasvið, félags- og þjónustusvið, íþróttatímstunda- og æskulýðssvið og tækni- og umhverfissvið.

Fjárhags- og stjórnsýslusvið hefur umsjón og eftirlit með fjármálalegri starfsemi Seltjarnarnesbæjar ásamt að hafa umsjón með þróunarmálum og upplýsingatækni.

Nánari upplýsingar má finna á vefsíðunni www.seltjarnarnes.is

Seltjarnarnesbær - Aðalbókari

Seltjarnarnesbær óskar eftir að ráða drifandi og metnaðarfullan einstakling í starf aðalbókara á fjármála- og stjórnsýslusvið bæjarins. Aðalbókari ber ábyrgð á bókhaldi Seltjarnarnesbæjar, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins. Starfið heyrir undir fjármálastjóra. Um er að ræða fullt starf.

Starfið er hluti af stjórnsýslusviði Seltjarnarnesbæjar, en stjórnsýslusvið annast öll sameiginleg verkefni fyrir stofnanir bæjarins. Starfið felur m.a. í sér vinnu við allt bókhald bæjarins, fjárhagslegar greiningar, áætlanir, ársuppgjör og árshlutauppgjör. Leitað er að starfsmanni sem vill takast á við krefjandi verkefni af fagmennsku og jákvæðni með samhentum hópi lífsglaðra einstaklinga.

Helstu verkefni

- Umsjón, eftirlit og ábyrgð á daglegum færslum til bókhalds
- Umsjón með fjárhagskerfinu Dynamics Navision
- Afstemmingar og lokafrágangur mánaðaruppgjóra
- Vinna að árshlutauppgjörum og ársreikningum Seltjarnarnesbæjar
- Vinna við almennt rekstrareftirlit
- Veitir ráðgjöf í bókhalds- og uppgjörsmálum
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Viðskiptafræðingur af fjármála- eða endurskoðunar-sviði og/eða meistaraþróf í reikningsskilum
- Þekking og reynsla af fjárhagskerfum og tengingalausnum þeim tengdum er æskileg
- Þekking og reynsla af Dynamics Navision fjárhagskerfi er æskileg
- Nákvæmni og skipulag í vinnubrögðum
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Jákvæðni og góðir samstarfshæfileikar
- Mjög góð þekking á Excel og Word
- Mjög góð þekking og reynsla af gerð fjárhagsáætlana og ársreikninga
- Þekking á lögum og reglum um bókhald og reikningsskil sveitarfélaga ásamt lögum um virðisaukaskatt og reglum um undanþágur fyrir sveitarfélög

Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru konur jafnt sem karlar hvött til að sækja um. Laun og starfskjör fara eftir kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Nánari upplýsingar veita Ari Eyberg hjá Intellecta (ari@intellecta.is) í síma 511-1225 og Gunnar Lúðvíksson, fjármálastjóri Seltjarnarnesbæjar (gunnarlu@seltjarnarnes.is) í síma 5959 100. Umsóknarfrestur er til og með 11. febrúar 2019. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. Henni skal fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf.

Intellecta Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

ATVINNA

Nettó á Granda leitar að jákvæðum, ábyrgðarfullum og kraftmiklum verslunarstjóra sem hefur gaman af mannlegum samskiptum.

Starfssvið:

- Ábyrgð á rekstri verslunar.
- Samskipti við viðskiptavini og birgja.
- Umsjón með ráðningu starfsmanna og almennri starfsmannastjórnun í verslun.
- Ábyrgð á vöruframsetningu og áfyllingum.
- Ábyrgð á birgðahaldi í verslun.
- Önnur tilfallandi störf.

Hæfniskröfur:

- Marktæk reynsla af stjórnun og starfsmannahaldi hjá verslunar- og/eða þjónustufyrirtækjum.
- Styrkleiki í mannlegum samskiptum, sjálfstæð vinnubrögð, skipulagshæfni, reglusemi og árverkni í hvívetna.

Allar nánari upplýsingar er hægt að fá hjá Halli Heiðarssyni rekstrarstjóra Nettó - hallur@samkaup.is
Umsóknir skulu berast í gegnum heimasíðu Samkaupa - www.samkaup.is (Mannauður - Atvinnuumsóknir)

Umsóknarfrestur er til 18. febrúar 2019

nettó



Vélamaður

Garðyrkjudeild Kirkjugarða
Reykjavíkurrófastsdæma auglýsir eftir vélamanni:

Starfssvið:

- Vinna með garðyrkjumönnum að umhirðu og grafartekt í kirkjugörðunum.

Menntun og hæfniskröfur:

- Hafa E réttindi á vinnuvélar.
- Vera þjónustulipur og tilbúinn að sinna tilfallandi verkefnum.

Umsókn ásamt ferilskrá skal senda á:

kari@kirkjugardar.is fyrir 5. mars n.k.

Nánari upplýsingar veitir
garðyrkjustjóri í síma 585 2700 eða
kari@kirkjugardar.is

www.kirkjugardar.is



Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Hjúkrunarfræðingur	Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	Ísafjörður	201902/348
Skjalavörður	Utánríkisráðuneytið	Sauðárkrókur	201902/347
Skrifstofumaður	Sýslumaðurinn á Vestfjörðum	Hólmavík	201902/346
Læknanemar, sumarstörf	Landspítali, röntgendeild	Reykjavík	201902/345
Svæfingahjúkrunarfræðingur	Landspítali, svæfingadeild Fossvogi	Reykjavík	201902/344
Svæfingahjúkrunarfræðingur	Landspítali, svæfingadeild Hringbraut	Reykjavík	201902/343
Skurðhjúkrunarfræðingur	Landspítali, skurðstofur Fossvogi	Reykjavík	201902/342
Skurðhjúkrunarfræðingur	Landspítali, skurðstofur Hringbraut	Reykjavík	201902/341
Sérfræðilæknir	Landspítali, svæfinga-/gjörgæslulækn.	Reykjavík	201902/340
Sjúkraliðar, sumarafleysingar	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	Höfuðborgarsv.	201902/339
Lögfræðingur	Fjármálaeftirlitið	Reykjavík	201902/338
Rannsóknarlögreglumenn	Lögreglustjórinn á höfuðborgarsv.	Reykjavík	201902/337
Sjúkraliði, sumarafleysing	Heilsugæslan Mosfellsumdæmi	Mosfellsbær	201902/336
Hreyfistjóri	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	Höfuðborgarsv.	201902/335
Sérnámslæknar í heimilislækn.	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	Reykjavík	201902/334
Almennur læknir	Heilsugæslan Mosfellsumdæmi	Mosfellsbær	201902/333
Fjármálastjóri	Menntaskólinn á Akureyri	Akureyri	201902/332
Sérfræðingur tekju-/skuldatölfræði	Hagstofa Íslands	Reykjavík	201902/331
Sérfræðingur alþjóðleg tölfræði	Hagstofa Íslands	Reykjavík	201902/330
Sjúkraliðar/nemar, sumarafl.	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Grindavík	201902/329
Hjúkrunarfr./nemar, sumarafl.	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Grindavík	201902/328
Sjúkraliðar/nemar, sumarafl.	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Suðurnes	201902/327
Sjúkraliðar/nemar, sumarafl.	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Suðurnes	201902/326
Hjúkrunarfr./nemar, sumarafl.	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Suðurnes	201902/325
Sérfræðingur lyf-/meltingarlækn.	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Reykjanesbær	201902/324
Aðstoðarmatráður	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Blönduós	201902/323
Teymisstjóri geðheilsuteymis	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Norðurland	201902/322
Ljós móðir	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201902/321
Aðstoðarmaður í eldhús	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Egilsstaðir	201902/320
Aðstoðarmatráður	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Neskaupstaður	201902/319
Aðst. í aðhlyningu, sumarafl.	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Seyðisfjörður	201902/318
Sjúkraliði, sumarafleysing	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Seyðisfjörður	201902/317
Hjúkrunarfræðingur, sumarafl.	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Seyðisfjörður	201902/316
Aðst. í eldhús, sumarafleysing	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Seyðisfjörður	201902/315
Móttökuritari, sumarafleysing	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Seyðisfjörður	201902/314

Garðyrkjufraeðingur

Garðyrkjudeild Kirkjugarða Reykjavíkurrófastsdæma
auglýsir eftir garðyrkjufraeðingi:

Starfssvið:

- Verkefni felast í almennum garðyrkjustörfum og verkstjórn.

Menntun og hæfniskröfur:

- Viðkomandi þarf að hafa lokið námi frá garðyrkjuskóla, helst af skurðgarðyrkjubraut.
- Vera þjónustulipur og tilbúinn að sinna tilfallandi verkefnum.

Umsókn ásamt ferilskrá skal senda á:

kari@kirkjugardar.is fyrir 5. mars n.k.

Nánari upplýsingar veitir
garðyrkjustjóri í síma 585 2700 eða
kari@kirkjugardar.is

www.kirkjugardar.is



Stöðvarstjóri móttöku- og flokkunarstöðvar

SORPA bs. óskar að ráða öflugan einstakling í starf stöðvarstjóra móttöku- og flokkunarstöðvar fyrirtækisins í Gufunesi. Leitað er að einstaklingi sem hefur áhuga á endurvinnslu, endurnýtingu úrgangs og öðrum umhverfismálum. Stöðvarstjóri er hluti af yfirstjórn fyrirtækisins.

Konur eru sérstaklega hvattar til að sækja um starfið.

Umsóknarfrestur

19. febrúar

Starfssvið:

- Dagleg stjórnun og rekstur.
- Starfsmannamál.
- Áætlanagerð og eftirfylgni.
- Yfirumsjón með samningum og framfylgni þeirra við vertaka.
- Ábyrgð á virkni tækja og viðhaldsáætlunum.
- Ábyrgð á að starfsemi fylgi lögum og reglum.
- Skipulagning innkaupa, rýni og samþykkt reikninga.

Upplýsingar og umsókn

capacent.com/s/12xxx

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Iðnmenntun og/eða iðnfræði eða sambærilegt nám sem nýtist í starfi. Framhaldsnám í stjórnun kostur.
- Reynsla af stjórnun og rekstri.
- Reynsla af áætlanagerð og kostnaðareftirliti.
- Þekking á vélbúnaði er kostur.
- Þekking og reynsla af gæðakerfum æskileg.
- Jákvætt viðmót og hæfni í samskiptum.
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti. Kunnátta á einu Norðurlandamáli er æskileg.



SORPA bs. er byggðasamlag í eigu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og rekur í dag 10 starfsstöðvar. Öll starfsemi SORPU hefur hlotið gæðavottun samkvæmt ISO 9001, umhverfissvottun samkvæmt ISO 14001 og jafnlaunavottun skv. ÍST 85. Nánari upplýsingar um SORPU eru á www.sorpa.is.

Vilt þú öðlast dýrmæta reynslu og vinna í frábæru teymi?

Starfsemi PwC á Íslandi fer vaxandi og því leitum við að starfsfólki í fjölbreytt störf á starfstöð okkar í Reykjavík. PwC veitir fyrirtækjum, félagasamtökum og opinberum stofnunum fjölbreytta ráðgjöf og þjónustu á sviði rekstrar, skattamála, endurskoðunar og bókhalds. Þjónustan er sérhæfð og aðlöguð að þörfum og óskum viðskiptavina okkar.

Ráðgjafi á sviði fyrirtækjaráðgjafar

Þú munt vinna að margvíslegum verkefnum á sviði ráðgjafar fyrir fjölbreytta flóru viðskiptavina.

Helstu verkefni:

- Áreiðanleikakannanir
- Fasteignagreiningar
- Kaup, sala og sameiningar fyrirtækja
- Verðmöt og virðisrýrnunarpróf

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, t.d. á sviði viðskiptafræði, hagfræði eða verkfræði
- Greiningarhæfni og hæfileiki til að setja fram texta á skýran hátt
- Reynsla af ráðgjöf er kostur
- Jákvæðni, frumkvæðni, sterk samskiptarhæfni og geta til að starfa í hóp

Upprennandi sérfræðingur í upplýsingatækni

Ert þú að byggja upp þinn feril í upplýsingatækni og hefur áhuga á ráðgjöf? Við leitum að metnaðarfullum einstakling til starfa í verkefni á sviði upplýsingatækni í endurskoðun og tengdum verkefnum.

Helstu verkefni:

- Skoðun á kerfum, grunnþættir kerfa og aðstoð við endurskoðun
- Ráðgjöf til viðskiptavina vegna kerfismála
- Önnur tilfallandi störf

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, t.d. kerfisfræði eða tölvunarfræði
- Viðbótarmenntun á sviði reikningsskila og endurskoðunar kostur
- Starfsreynsla á sviði upplýsingatækni er kostur
- Metnaður til að ná árangri í starfi
- Skipulagshæfni og vönduð vinnubrögð

Bókari

Ert þú sérfræðingur í bókhaldi og reiknishaldi? Innan PwC vinnur teymi bókkara sem sér um að færa bókhald fyrir lítil, meðalstór og stærri fyrirtæki, sem og félagasamtök.

Helstu verkefni:

- Færsla bókhalds og afstemmingar
- Launavinnsla
- Vsk skýrslur

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun á sviði viðskiptafræði, bókhalds eða sambærilegu
- Reynsla á sviði bókhaldsmála
- Reynsla af notkun DK viðskiptahugbúnaðar, Navision eða TOK
- Góð geta til að vinna í hóp og sterk ábyrgðartilfinning
- Sjálfstæði og nákvæmni í vinnubrögðum

Ráðgjafi á sviði upplýsingatæknilausna

Þú munt spila lykilhlutverk í frekari mótun sviðsins með áherslu á upplýsingatækni og viðskiptaþróun.

Helstu verkefni:

- Vera hluti af teymi sem mótar næstu skref í ráðgjöf á sviði upplýsingatækni
- Þarfagreiningar og samskipti við þróunarteymi varðandi þínar hugmyndir
- Vera leiðandi í netöryggisúttektum og öðrum tengdum þáttum
- Taka þátt í samstarfi um næstu skref á sviði upplýsingatækni

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði upplýsingatækni sem nýtist í starfi
- Þekking á rekstri tölvukerfa krafa
- Reynsla af ráðgjöf og góður árangur í starfi nauðsynleg
- Reynsla af innleiðingu kerfa og teymisvinnu um þróun hugmynda æskileg
- Sterk samskiptahæfni og lausnamiðuð hugsun
- Frumkvæðni, metnaður, nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum

Hægt er að sækja um á vefslóðinni pwc.rada.is. Frekari upplýsingar um störfin veitir Katrín Ingibergsdóttir, sérfræðingur í mannauðsmálum á netfangið katrin.ingibergsdottir@pwc.com.

Umsóknarfrestur er til og með 24. febrúar nk. Öllum umsóknum verður svarað og verða þær meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

PwC á Íslandi er þekkingarfyrirtæki og hluti af stærsta alþjóðlega ráðgjafa- og endurskoðunarfyrirtæki heims. PwC er framsækið og veitir trausta þjónustu á sviði endurskoðunar, reikningsskila, fyrirtækjaráðgjafar, skatta- og lögfræðiráðgjafar.

pwc

PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvolsvöllur | Vestmannaeyjar

Starfsmenn óskast

Háfell ehf. jarðvinnuverktaki óskar eftir vélamönnum og verkamönnum til starfa.

Áhugasamir sendi umsókn sína ásamt ferilskrá á netfangið agnar@hafell.is



S. Gunnbjörnsson ehf.
heildverslun

Snyrtivöruheildssala leitar eftir samviskusömu og áreiðanlegu starfsfólki.

Við leitum að sölumanni. Kynningar, lagervinna og afgreiðsla og útkeyrsla eru einnig hluti af þessu starfi. Viðkomandi þarf helst að vera eldri en 25 ára, snyrtilegur með ljúfa framkomu, vera nákvæmur og eiga auðvelt með mannleg samskipti.

Vinnutími er að mestu frá 09-17, en er stundum teygjanlegur.



SEYÐISFJARÐARKAUPSTAÐUR

Seyðisfjarðarkaupstaður, óskar eftir tilboðum í verkið:

Endurnýjun knattspyrnuvallar við Garðarsveg

Verkið felst meðal annars í upprifi og förgun á núverandi yfirborðsefnum, landmótun, lagningu drenlagna, lagningu vökvunarkerfis, útlögn rötarlags, grassáningu og eftirfylgni.

Áhugasamir sækja um útbodsgögn á netfanginu:

magnusb@efla.is og gefi upp nafn fyrirtækis ásamt upplýsingum um tengilið.

Gögn verða send út með rafrænum hætti frá og með mánudegnum 11. febrúar 2019.

Tilboðum skal skila til bæjarskrifstofu Seyðisfjarðarkaupstaðar, Hafnargötu 44, 710 Seyðisfirði, eigi síðar en kl. 11:00 þriðjudaginn 5. mars 2019. Tilboð verða opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.



Skíðasvæðið Hlíðarfjalli

Skíðasvæðið í Hlíðarfjalli óskar eftir að ráða umsjónarmann véla og tækja. Viðkomandi sinnir og hefur umsjón með flest öllum viðgerðum og viðhaldi á vélum, tækjum og búnaði á skíðasvæðinu í Hlíðarfjalli. Unnið er bæði inni á verkstæði og úanhúss við viðhald og viðgerðir. Um framtíðarstarf er að ræða. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni eru:

- Sjá um viðhald á skíðalyftum, snjótroðurum, snjóframleiðsluvélum, snjósléðum og öðrum vélum og tækjum.
- Sjá um að panta rekstraraðföng er tengjast vélum og tækjum.
- Sinnir öðrum verkefnum sem forstöðumaður felur viðkomandi.

Hæfniskröfur:

- Sveinspróf í vélstjórn.
- Viðkomandi þarf að einnig að hafa almennt ökuþróf og vinnuvélaréttindi.
- Starfið krefst reynslu af vélvirkjun og eða vélstjórnun. Þekking á iðntölvum og viðhaldsforritum. Almenn tölvukunnátta.
- Verklagni og verkreynsla nauðsynleg.
- Gerð er krafa um vammleysi, s.s. að vera með gott orðspor og að framkoma og athafnir á vinnustað og utan hans samrýmist starfinu.

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar, www.akureyri.is þar sem sótt er um rafrænt. Umsóknarfrestur er til og með 15. febrúar 2018



Akureyrarbær

Akureyrarbær • Geislagata 9 • Sími 460 1000 • akureyri.is

KOMDU Á FLUG MEÐ OKKUR

Störf hjá Icelandair á Keflavíkflugvelli 2019



Icelandair leitar að öflugum einstaklingum í fjölbreytileg og skemmtileg störf hjá fyrirtækinu.

Mikil áhersla er lögð á þjónustulund, hæfni í mannlegum samskiptum, reglusemi, stundvísni, sveiganleika og árvekni. Umsækjendur þurfa í sumum tilfellum að vera reiðubúinir til þess að sækja undirbúningsnámskeið og standast próf áður en til ráðningar kemur.

Unnið er á vöktum. Ráðningartími er frá mars/apríl og fram í október/nóvember 2019.



NÁNARI UPPLÝSINGAR UM ALDURSTAKMÖRK OG HÆFNISKRÖFUR:

SAGA BIÐSTOFA – VEITINGAR

Starfið felst m.a. í því að undirbúa veitingar og bera þær fram, þjónustu við farþega og halda staðnum snyrtilegum. Einnig móttöku varnings fyrir Saga biðstofu. Góð íslensku- og/eða enskukunnátta. Lágmarksaldur: 20 ár, almenn ökuréttindi.

FLUGELDHÚS – LAGER

Almenn lagervinna, móttaka varnings og vöruafgreiðsla af lager. Góð íslensku- og/eða enskukunnátta. Almenn ökuréttindi skilyrði, vinnuvélaréttindi æskileg. Lágmarksaldur: 20 ár.

FLUGÞJÓNUSTA – UMSJÓNARAÐILI

Þjónusta og afgreiðsla við einka- og leiguflygvélar. Góð samskipti við viðskiptavinum innanlands sem og erlendis. Lágmarksaldur: 20 ár. Stúdentspróf æskilegt en ekki skilyrði. Mjög góð enskukunnátta og góð tölvukunnátta.

FARANGURSPJÓNUSTA

Almenn þjónusta við farþega, skýrslutaka vegna farangurs og skráning lausamuna sem gleymst hafa um borð í flugvélum. Lágmarksaldur er 19 ár, stúdentspróf æskilegt en ekki skilyrði. Mjög góð enskukunnátta og þriðja mál æskilegt. Góð tölvukunnátta sem nýtist í starfi er skilyrði.

TÆKJAVERKSTÆÐI

Starfið felst m.a. í viðhaldi og eftirliti tækjabúnaðar og véla sem notaðar eru við afgreiðslu flugvéla og tengda starfsemi. Umsækjandi þarf að hafa framhaldsskólamenntun s.s. bifvélavirkjun, vélstjórn og/eða vélvirkjun. Æskilegt er að umsækjandi sé vanur almennum vinnuvélum og bílaviðgerðum. Umsækjandi þarf að búa yfir góðri íslensku- og enskukunnáttu sem og tölvukunnáttu. Almenn ökuréttindi og vinnuvélaréttindi.

HLAÐEILD

Starfið felst m.a. í hleðslu og afhleðslu flugvéla á töskum og frakt. Lágmarksaldur: 19 ár. Almenn ökuréttindi og vinnuvélaréttindi æskileg. Enskukunnátta skilyrði.

Job vacancies – Icelandair Keflavík Airport

Icelandair seeks individuals for diverse and interesting jobs with the company.

Emphasis is placed on service, punctuality, flexibility and alertness. Applicants, in some cases, need to be ready to attend a preparatory course and pass a test before recruiting.

Shift work for all positions. Employment period is from March to November 2019, and could be longer.

All applicants must speak good English.



FURTHER INFORMATION ON AGE LIMIT AND QUALIFICATION REQUIREMENTS:

LOUNGE – CATERING

Job duties include preparing and serving food, passenger service, setting up and keeping the place clean, and receiving goods delivered to the Saga Lounge. A driver's license is required. Minimum age 20 years.

FLIGHT KITCHEN – STOCK

Reception of goods, handling of items of stock and stacking merchandise on racks. A driver's license is required and a machine operating license is preferable. Minimum age 20 years.

GROUND OPERATIONS SUPERVISOR

Supervise ground handling service for General Aviation flights. Communicate with clients and arrange for all services requested. Liaise with service providers and suppliers for each flight. High school diploma preferred and good computer skills needed. Minimum age 20 years.

LOST AND FOUND SERVICES

Provide service to passengers regarding lost baggage and other items, answer incoming emails and telephone calls from customers. Accept found items / baggage and enter into our system. Provide general service and information to passengers and customers. Other duties as assigned. High school diploma preferred and good computer skills needed. Minimum age 19 years.

GARAGE

The job involves maintenance and supervision of equipment and machinery used in the handling of aircraft and related activities. The applicant must be a qualified auto mechanic, and a driver's license is required.

RAMP SERVICES

Loading and unloading aircraft baggage and cargo. A driver's license is required and a machine operating license is preferable. Minimum age 19 years.

LÖGFRÆÐINGUR Í LAGALEGU EFTIRLITI

► Þekkir þú löggjöf á
fjármálamarkaði?

